# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 23. maí 2007 – 21. tölublað – 3. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 Vísir


**TopShop**
Hagnast á Kate Moss



4

**Ný könnun veldur vonbrigðum**
Samkeppnishæfni Íslands minnkar



8-9

**Ítalía og Ísland**
Næg viðskiptatækifæri



12

# Straumur stefnir á 22 milljarða yfirtöku

## Hlutabréf í eQ Corporation hækkuðu um 49% í gær í kjölfar kaupa Straums-Burðaráss á 62% hlut í finnska bankanum.

**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir**
skrifar

Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki hefur keypt 62 prósenta hlut í eQ Corporation, finnskum banka sérhæfðum í eignastýringu, verðbréfamiðlun og fyrirtækjaráðgjöf. Í júní verður yfirtökutilboð gert í allt hlutafé og kauprétti bankans sem eftir standa. Mun það hljóða upp á 7,60 evrur á hlut og 5,40 evrur fyrir hvern kauprétt. Samanlagt virði kaupanna er 260 milljónir evra. Það samsvarar um 22 milljörðum íslenskra króna. Til samanburðar má benda á að markaðsvirði Straums-Burðaráss er um 220 milljarðar íslenskra króna. Bréf eQ hækkuðu um 49 prósent í finnsku kauphöllinni í gær í kjölfar tilkynningarinnar.

Friðrik Jóhannsson, forstjóri Straums-Burðaráss, segist gera ráð fyrir að hluthafar og rétthafar gangi að tilboðinu. „Stjórn eQ hefur farið yfir tilboðið. Hún mælir með því að hluthafar taki því. Allir þeir stærstu hafa þegar selt sín bréf til okkar.“ Þar á meðal eru lykilstjórnendur sem hafa skuldbundið sig til að starfa áfram hjá bankanum.

Kaupin á eQ eru stórt skref í þá átt að gera Straum-Burðarás að alþjóðlegum fjárfestingarbanka eins og stefnt er að. Þá hefur bankinn sérstaklega sett sér það markmið að verða leiðandi norrænn fjárfestingarbanki. Friðrik segir kaupin flýta því ferli. „Við höfum ekki verið með eignastýringu en fáum hana inn í okkar vöru- og þjónustuframboð með þessum kaupum,“ segir Friðrik. „Þá höfum við möguleika á að byggja á starfsemi þeirra á öðrum mörkuðum okkar. Sömuleiðis eru möguleikar á að bjóða þjónustu í Finnlandi sem eQ hefur ekki verið með hingað til.“ Í því samhengi nefnir hann að viðskiptavinum eQ muni bjóðast auknir fjármögnunarmöguleikar í skjóli sterks efnahagsreiknings Straums-Burðaráss.

Á síðasta aðalfundi Straums-Burðaráss gagnrýndi Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Straums-Burðaráss, íslensk stjórnvöld fyrir að þrengja heimildir fjármálafyrirtækja til að gera upp bækur sínar í erlendri mynt. Lét hann í það skína að svo gæti farið að bankinn yrði fluttur úr landi. Eftir kaupin á eQ starfar nú einungis fjórðungur af 320 starfsmönnum Straums-Burðaráss á Íslandi. Þá er útlit fyrir að innan skamms muni áttatíu prósent tekna félagsins koma að utan. Friðrik segir þó engar fyrirætlanir um að flytja höfuðstöðvar bankans frá Íslandi. „Á Íslandi er nokkuð hagstætt fyrirtækjaumhverfi. Mér hefur fundist góð samstaða um það að vænlegt sé að hafa gott umhverfi fyrir fyrirtæki. Þannig geta þau vaxið og dafnað og boðið fólki upp á spennandi framtíð.“



**ÞRÖSTUR OLAF SIGURJÓNSSON, FORMAÐUR FVH** Þeim viðskipta- og hagfræðingum sem ekki hafa sett sér markmið um starfslok sín fer fækkandi.

# Huga betur að starfslokum

Viðskipta- og hagfræðingar huga betur að starfslokum sínum nú en fyrir tveimur árum. Þetta sýnir ný könnun Félags viðskipta- og hagfræðinga. Hlutfall þeirra sem ekki hafa sett sér markmið um starfslok hefur lækkað úr 42 prósentum í 37 prósent.

Almennt séð liggur viðskipta- og hagfræðingum ekki á að flýta sér út af vinnumarkaði. Margir þeirra geta þó hugsað sér að minnka við sig vinnu eða snúa sér að ráðgjöf þegar líða tekur að starfslokum. Ekki nema átta prósent geta hugsað sér að skipta um starfsvettvang.

Langflestir viðskipta- og hagfræðingar leggja fyrir. Þó er ekki um háar fjárhæðir að ræða. Algengast er að fimmtán til fimmtíu þúsund krónur séu lagðar fyrir á mánuði. Fyrir utan lífeyrissparnaðinn eiga langflestir minna en þrjár milljónir króna í sjóði. - hhs / sjá síðu 6


TrackWell
FORÐASTÝRING

Flotaeftirlit – tækjanotkun og aksturslagsgreining

www.trackwell.com


## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Nýherji kaupir** | Nýherji hf. undirritaði í gær samning um kaup á þjónustufyrirtækinu Dansupport A/S í Óðinsvéum í Danmörku sem er sérhæft í uppsetningu á tölvu-, samskipta- og símakerfum fyrir meðalstór fyrirtæki.

**Samþykkja sölu** | Meirihluti hluthafa í spænsku veitingahúsakeðjunni La Tasca hefur samþykkt yfirtökutilboð LAT Holdings upp á 200 pens á hlut. Að því standa meðal annars Kaupþing og íranskættaði fjárfestirinn Robert Tchenguiz.

**Selja Parlogis** | Atorka Group hefur gengið frá sölu á vörustjórnunarfyrirtækinu Parlogis hf. sem verið hefur í eigu félagsins frá árinu 2002. Kaupandi er eignarhaldsfélagið Parlo.



**Óbreyttar horfur** | Verðbólga hefur hjaðnað hægar en Seðlabankinn gerði ráð fyrir, þó ekki svo hægt að ástæða sé til að hækka vexti. Seðlabankastjórn kynnti á miðvikudag ákvörðun bankans um óbreytta stýrivexti í 14,25 prósentum.

**Atlantic tapar** | Færeyska olíuleitarfélagið Atlantic Petroleum tapaði sem nemur tæpum 47 milljónum íslenskra króna á fyrsta ársfjórðungi. Á sama tíma í fyrra nam tap félagsins tæpum 27 milljónum.

**Sterk króna** | Greiningardeild Landsbankans gerir ráð fyrir að gengi krónunnar muni haldast sterkt allt fram til ársloka 2008, þrátt fyrir að áætlað vaxtalækkunarferli hefjist í lok þessa árs.

**Samherji kaupir** | Samherji hefur keypt erlenda starfsemi Sjólaskipa hf. og tengdra félaga sem gert hafa út sex verksmiðjuskip og tvö þjónustuskip í lögsögu Máritaníu og Marokkó. Skipin eru áþekk að stærð og Engey RE.

# Kaupir viðbitsfyrirtæki

Alfesca hefur náð samningum um yfirtöku á franska matvælafyrirtækinu Le Traiteur Grec, sem framleiðir viðbit úr grænmeti fyrir stórmarkaði í Frakklandi. Kaupverð nemur 19,7 milljónum evra, jafnvirði 1.669 milljóna íslenskra króna. Greitt verður með reiðufé en gert er ráð fyrir því að kaupin gangi í gegn í næsta mánuði að lokinni endurfjármögnun félagsins.

Le Traiteur Grec var stofnað árið 1987 og er það nú leiðandi á frönskum smáréttamarkaði. Fyrirtækið hefur tuttugu prósenta hlutdeild með smárétti, þriggja prósenta hlutdeild með smábrauð og jafn stóra hlutdeild á markaði fyrir grænmetisídýfur.

Í tilkynningu frá Alfesca kemur fram að velta Le Traiteur Grec, sem var stofnað árið 1987, hafi numið tólf milljónum evra, jafnvirði rétt rúmum einum milljarði króna, á síðasta ári. Það er rúmlega tíu prósenta aukning frá árinu á undan.

Þá námu eignir félagsins í lok síðasta árs 6,3 milljónum evra, 533,8 milljónum króna, og var félagið skuldlaust.

Haft er eftir Xavier Govare, forstjóra Alfesca, að Le Traiteur Grec falli vel að starfsemi fyrirtækisins og muni styrkja stöðu Alfesca á markaði með smárétti. - jab

# FL fékk mann í stjórn

Martin Niclasen hefur tekið sæti í stjórn norska fjármálafyrirtækisins Aktiv Kapital til næstu tveggja ára fyrir hönd FL Group. Markaðurinn greindi frá því á dögunum að stjórnendur FL Group myndu óska eftir því að ná inn stjórnarmanni í Aktiv.

Þetta er í samræmi við fjárfestingastefnu FL Group að koma með beinum hætti að stjórnun þeirra félaga sem það hefur fjárfest í.

Íslenska fjárfestingafélagið er annar stærsti hluthafinn á eftir John Fredriksen, ríkasta manni Noregs. Hlutur FL er um 13,3 prósent. - eþa


120 1886 2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK 14,1%*

GBP 5,7%*

USD 6,2%*

EUR 4,1%*

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. apríl - 30. apríl 2007.

GOTT FÓLK McCANN

## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| 365 | 4% | -22% |
| Actavis | 0% | 34% |
| Alfesca | 2% | -1% |
| Atlantic Petroleum | 16% | 72% |
| Atorka Group | -1% | 18% |
| Bakkavör | 1% | 13% |
| FL Group | 1% | 15% |
| Glitnir | 0% | 16% |
| Hf. Eimskipafélagið | 2% | 19% |
| Kaupþing | 2% | 31% |
| Landsbankinn | 3% | 39% |
| Marel | 3% | 9% |
| Mosaic Fashions | 0% | 11% |
| Straumur | 5% | 21% |
| Össur | 1% | -1% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Fjórir eiga yfir 100 milljarða

25 Íslendingar eiga yfir 20 milljarða í hreinni eign.

Sirkus, fylgirit Fréttablaðsins, birtir á föstudaginn næstu úttekt á 25 ríkustu Íslendingunum í átta síðna aukablaði. Þar kemur fram að fjórir einstaklingar eiga meira en 100 milljarða í hreinni eign og að fimm konur eiga meira en 20 milljarða króna.

Björgólfur Thor Björgólfsson er sem fyrr langríkasti maður landsins en hann á tvö hundruð milljörðum meira en sá sem næstur honum kemur.


**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON** Á 200 milljörðum meira en næstríkasti Íslendingurinn.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því að bókin Íslenskir milljarðamæringar eftir Pálma Jónasson kom út árið 2001. Þá áttu fimmtíu Íslendingar yfir einn milljarð. Nú, sex árum seinna, eiga 25 Íslendingar yfir tuttugu milljarða þegar búið er að draga frá skuldir. - óhþ

# Spá 4,1% verðbólgu á árinu

Greiningardeild Glitnis spáir að verðbólga fari úr 4,7 prósentum í 4,2 prósent í næsta mánuði.

Greiningardeildir banka eru ekki alveg samstíga um hvenær verðbólga nái 2,5 prósenta markmiði Seðlabankans.

Greiningardeild Landsbankans segir hagvísa benda til að töluverður verðbólguþrýstingur sé í hagkerfinu. Deildin hafði fyrr á árinu gert ráð fyrir mjög lítilli verðbólgu en styrking krónunnar og hækkun á húsnæðisverði um rúm 6 prósent frá áramótum vegi á móti.

Greiningardeildin segir jafnvægi komast á þjóðarbúskapinn á næstu tveimur árum, launaþróun verði hófleg og verðbólga komin nálægt 2,5 prósenta verðbólgumarkmiðum Seðlabankans síðar á árinu.

Greiningardeild Glitnis tekur í sama streng enda stóðst ekki spá bankans af sömu sökum. Gerir hún ráð fyrir hækkun á verði matvara og fatnaðar samhliða áframhaldandi hækkun fasteignaverðs og eldsneytis og telur líkur á verðbólga lækki í 4,2 prósent.

Ólíkt Landsbankans spáir Glitnir því að verðbólga muni sveiflast nokkuð á næstu árum og muni ekki ná markmiði Seðlabankans fyrr en eftir tvö ár. - jab

# Stefnt að tvöföldun Refresco á einu ári

Eftir að Refresco Holding, annar stærsti drykkjavöruframleiðandi Evrópu, festi kaup á Nuits Saint-Georges (NSG) í Frakklandi á dögunum hefur fyrirtækið tvöfaldast á einu ári. En þar með er ekki sagan öll: „Við ætlum að halda áfram á þessari braut og horfum til tvöföldunar á næstu tólf mánuðum. Ég myndi telja það næsta víst að það takist,“ segir Hannes Smárason, forstjóri FL. Félagið leiddi fjárfestahóp er stóð að yfirtökunni á Refresco í apríl í fyrra.

Þetta er fjórða yfirtaka hollenska fyrirtækisins á aðeins fjórum mánuðum en áður hafði það eignast Kentpol í Póllandi, Histogram í Bretlandi og Sun Beverages Company (SBC) í Frakklandi og Niðurlöndum.

Að sögn Hannesar fer heildarvelta Refresco í 1,1 milljarð evra, um 93 milljarða króna, eftir kaupin á NSG en ef áform stjórnenda um áframhaldandi vöxt ganga eftir verður veltan komin yfir 180 milljarða.

Reiknað er með að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) verði um 110 milljónir evra á næstu tólf mánuðum, sem jafngilda 9,3 milljörðum króna.

Stjórnendur FL Group hafa bent á að tvennt kunni að hafa aukið verðmæti Refresco-hlutarins sem er bókfærður á upphaflegu kaupvirði, um fimm milljarðar króna. Þegar kaupin fóru fram greiddi fjárfestahópurinn um sjöfalda EBITDA fyrir Refresco en nú hefur rekstrarhagnaður tvöfaldast. Í öðru lagi hafa EBITDA-margfaldarar á drykkjarvörugeiranum farið hækkandi, úr sjö í níu að jafnaði.

Hannes telur að Refresco sé ekkert ósvipað fyrirtæki og Bakkavör. Stærstu viðskiptavinirnir eru sterkar smásölukeðjur á borð við Aldi, Lidl, Tesco og Carrefour. Nú rekur Refresco fimmtán verksmiðjur í átta löndum, þar af tvær í Frakklandi. - eþa

## SÍÐUSTU YFIRTÖKUR REFRESCO

| Félag | Velta í milljörðum kr. |
|---|---|
| Kentpol | 3,4 |
| Histogram | 2,6 |
| SBC | 20,0 |
| Nuits Saint-Georges | 2,6 |

# FL með Donald Trump



FL Group hefur fjárfest í fjórum fasteignaverkefnum í Bandaríkjunum fyrir 50 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði rúmlega 3,1 milljarðs íslenskra króna. Verkefnin eru í samstarfi við alþjóðlega fasteignafélagið Bayrock Group.

Meðal verkefnanna er bygging fimm stjörnu hótels í Soho-hverfinu á Manhattan í New York og annars á ströndinni í Fort Lauderdale en bæði eru þau í samstarfi við auðjöfurinn Donald Trump. Hin tvö eru þróun þrettán ekru landsvæðis í Queens í New York, en þar stendur til að byggja lúxusíbúðir, og fimm stjörnu hótelbygging í Phoenix í Arizona-ríki.

Áætlað er að verkefnunum ljúki innan þriggja ára. - jab

# Íslendingar stórtækir í Danmörku

## Íslendingar og Danir hafa tekið höndum saman um byggingu þjónustuíbúða í miðborg Kaupmannahafnar.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Fasteignafélagið Nordic Service Apartments hefur ýtt úr vör stórum fasteignaverkefnum í hjarta Kaupmannahafnar. Og fleiri eru á teikniborðinu bæði í Noregi og í Svíþjóð. Í öðru verkefninu er um að ræða byggingu 20 íbúða húss frá grunni við Frederiksberg sem verða settar í almenna sölu en í hinu er gömlu skrifstofuhúsnæði við Vesterbro breytt í 57 hótelíbúðir á sex hæðum. Verkefnin eru gríðarstór og hleypur kostnaður á um fjórum milljörðum króna. Forsvarsmenn félagsins gefa lítið fyrir þá niðursveiflu sem sögð er vera á danska fasteignamarkaðnum og segja mikla þörf fyrir íbúðir sem þessar.

Nordic Service Apartments er samstarfsverkefni Íslendinga og Dana. Rótgróið danskt þróunarfélag, Friis & Søborg, sér um að finna eignir og lóðir en Agnar Agnarsson, fasteignasali hjá Stórhús-fasteignasala, sem sérhæfir sig í aðstoð við fjárfesta í kaupum á fasteignaverkefnum, býður íslenskum kaupendum íbúðirnar til sölu. Þá kemur Byr sparisjóður að verkefninu en hann fjármagnar verkið og gengst í ábyrgðir.


**AGNAR AGNARSSON** Dansk-íslenska fyrirtækið Nordic Service Apartments er með fjölda byggingaverkefna í gangi á Norðurlöndunum. Agnar Agnarsson fasteignasali segist hafa fundið fyrir skorti á föstum dvalarstað fyrir Íslendinga sem dvelja í Kaupmannahöfn til lengri eða skemmri tíma. MARKAÐURINN/ANTON

Agnar segir mikinn áhuga á hótelíbúðum í Kaupmannahöfn, jafnt hjá einstaklingum og fyrirtækjum og virðist sem skortur sé á íbúðum sem þessum í borginni. Íslendingar komi oft til Kaupmannahafnar, margir hverjir í viðskiptaerindum. Þeir hafi átt í erfiðleikum með að finna næturgistingu nema á hóteli og hafi þeir vel getað hugsað sér að festa sér íbúð til kaups enda tryggi slíkt fastan samastað á ferðum til borgarinnar.

Með hótelíbúðaformi er átt við að einstaklingar eða fyrirtæki kaupi íbúð í húsi og ákveða síðan hvort þeir vilji halda henni fyrir sig árið um kring eða látið sérstakt rekstrarfélag leigja hana fyrir sig til þeirra sem leita eftir gistingu í borginni til skemmri tíma. Sjálfir geti þeir tryggt sér ákveðinn tíma í íbúðinni þegar þeir sjálfir kjósa. Leigutekjur af íbúðinni renna svo í vasa íbúðaeiganda auk þess sem hlutur þeirra greiðist í hússjóð.

Þegar Nordic Service Apartments festi sér húsið við Vesterbro var þar ýmis konar skrifstofustarfsemi. Helmingur hússins hefur verið rýmdur en til stendur að hreinsa afganginn þegar samningur við leigjendur rennur út. Búið er að rífa niður allt innviði að steyptum veggjum undanskildum og stendur helmingur hússins sem fokheldur. Þá verður framhlið hússins sömuleiðis smíðuð upp á nýtt nýir gluggar settir í framhliðina og frönskum svölum bætt við. Íbúðirnar eru flestar með einu herbergi. Efstu íbúðir hússins eru hins vegar á tveimur hæðum, með stórum svölum og er þaðan hægt að horfa yfir þök húsa svo langt sem augað eygir. Til stendur að afhenda hótelíbúðirnar um mitt næsta ár með öll tilheyrandi; allt frá rúmum til hnífapara, allt að óskum íbúðaeigenda. Þá mun hvers kyns þjónusta verða í boði fyrir íbúðaeigendur, svo sem þrif á íbúðunum.

Að sögn Agnars eru kaupin einföld: „Aðilar geta keypt íbúðina alla eða tekið danskt fasteignalán þar sem 90 prósent af íbúðaverðinu er lánað. Síðan stofna þeir móðurfélag í Danmörku, ApS-félag, og tvö eignarhaldsfélög, eitt heima og annað í Danmörku, sem er skráður eigandi íbúðarinnar. Þegar þeir selja íbúðirnar færa þeir hagnað af sölunni yfir á dótturfélagið heima á Íslandi og greiða því 10 prósenta skatt þar en ekki í Danmörku,“ segir hann.



of ná

til að

## Stundum ertu of nálægt til að sjá heildarmyndina

ParX er þrautreynt ráðgjafar- og rannsóknarfyrirtæki sem hefur á að skipa á þriðja tug ráðgjafa með sérfræðimenntun á ýmsum sviðum og víðtæka reynslu úr atvinnulífinu. Ráðgjafar ParX greina aðstæður frá ýmsum sjónarhornum og veita ráðgjöf á sviði fjármála, stjórnunar, stjórnsýslu, markaðsmála, mannauðs og upplýsingatækni. Okkar markmið er að miðla dýrmætri sérfræðiþekkingu og skilja eftir skarpari sýn.

ParX viðskiptaráðgjöf IBM | Borgartúni 37
105 Reykjavík | www.parx.is | S: 580-4300

ParX
Viðskiptaráðgjöf IBM

–annað sjónarhorn

Himinn og haf / SÍA – 9070424

## HUGTAK VIKUNNAR

**LARGE-CAP, SMALL-CAP** og **MID-CAP** eru heiti sem oftar heyrast eftir samruna Kauphallar Íslands og OMX-kauphallasamstæðunnar. Þetta eru flokkar sem notaðir eru í kauphöllum til að raða fyrirtækjum eftir stærð að markaðsvirði.



Small-Cap eru fyrirtæki undir einum milljarði Bandaríkjadala að markaðsvirði Mid-Cap eru á bilinu 1 til 5 milljarðar og Large-Cap fyrirtæki eru yfir 5 milljarða Bandaríkjadala svirði.

# TopShop hagnast á Kate Moss

Nýjasta fatalínan sem TopShop býður upp á hefur slegið í gegn og selst sums staðar upp. Gert er ráð fyrir að salan eigi enn eftir að færast í aukana. Hönnuður fatalínunnar er, eins og þekkt er orðið, engin önnur en ofurfyrirsætan Kate Moss.

Veltan í fyrstu vikunni sem fatalínan var í sölu í verslunum TopShop í Lundúnum, í enda apríl, nam þremur milljónum punda, jafnvirði tæpra 375 milljóna íslenskra króna. Þetta er langt umfram væntingar, að því er stjórnendur hjá TopShop sögðu í samtali við breska dagblaðið Telegraph á föstudag þegar fyrstu sölutölur lágu fyrir.

Þetta mun vera jafnmikið og ofurfyrirsætan fékk greitt frá TopShop til að hanna fatalínuna.

Gert er ráð fyrir að enn meiri tekjur eigi eftir að koma í kassann því fatalínan sló í gegn í New York þegar sala á henni hófst þar í borg fyrir hálfum mánuði. Þá munu föt undir merkjum Moss seljast vel hjá TopShop í Stokkhólmi auk þess sem sala á þeim hófst hjá TopShop í Smáralind á föstudag. Og von er á enn meiri glaðningi úr faðmi Kate Moss því hún hefur samið við TopShop um að gera fjórar fatalínur til viðbótar á næstu á tveimur árum. **- jab**



**STJÖRNUHÖNNUÐUR TOPSHOP** Sala hefur gengið vonum framar á nýjustu fatalínu Kate Moss fyrir verslanakeðjuna TopShop. Moss, sem hér er með unnusta sínum, vandræðagemlingnum Pete Doherty, hefur löngum verið þekkt fyrir góðan en frjálslegan klæðaburð.

# Norðanflug hefur starfsemi

Norðanflug ehf. er nýtt fraktflugfélag sem 3. júní hefur reglubundið flug frá Akureyri til Oostende í Belgíu þrisvar í viku. Með fluginu styttist flutningstími fersks fisks, sem unninn er á Norðausturlandi, um heilan dag.

Norðanflug verður með aðsetur í Oddeyrarskála á Akureyri, en nýráðinn framkvæmdastjóri er Unndór Jónsson. Hann starfaði áður á flugrekstrarsviði flugfélagsins Atlanta.

Stofnendur félagsins eru Samherji, Eimskip og SAGA Capital fjárfestingarbanki. **- óká**

# EMI-útgáfan samþykkir yfirtökuboð

Stjórn bresku tónlistarútgáfunnar EMI samþykki á mánudag að taka yfirtökutilboði fjárfestingasjóðsins Terra Firma. Tilboðið hljóðar upp á 265 pens á hlut, eða 2,4 milljarða punda, jafnvirði 298 milljarða íslenskra króna. Gengi bréfa í félaginu rauk upp um 23 pens í kjölfarið og endaði í 271 pensi á hlut við lokun markaða. Það mun vera vísbending um að einhverjir hluthafa hafi reiknað með öðru og hærra boði í félagið.

EMI hefur átt við rekstrarvanda að stríða vegna minnkandi tekna og skilaði tapi upp á 260 milljónir punda, jafnvirði rúmra 32 milljarða íslenskra króna, á síðasta ári. Þá stefnir ekki í gott ár hjá fyrirtækinu en það hefur gefið út tvær neikvæðar afkomuviðvaranir á þessu ári.

Stjórnendur tónlistarútgáfunnar ákváðu að setja EMI í söluferli fyrr á árinu og opnuðu bækurnar fyrir hugsanlegum kaupendum í síðustu viku.

Nokkrir fjárfestingasjóðir og bandaríski útgáfurisinn Warner Music glugguðu í bækur EMI en gerðu ekki tilboð.

Tilboð Terra Firma kemur nokkuð á óvart enda hefur félagið ekki fjárfest í tónlistar- og afþreyingaiðnaði. Fréttaveitan Bloomberg hefur hins vegar eftir heimildamönnum sem tengjast Guy Hands, forstjóra félagsins, að hann hafi skoðað tónlistarútgáfuna síðastliðin tvö ár og látið vaða þegar færi gafst. **- jab**



**BÍTLARNIR** EMI gefur út tónlist fjölda flytjenda. Þar eru þekktastir Bítlarnir, Coldplay og Robbie Williams svo einhverjir eru nefndir.

# Peningamarkaðssjóðir bólgna út

## Fjárfestar fá um tólf prósenta raunávöxtun af áhættulitlum peningamarkaðssjóðum. Stærð þessara verðbréfasjóða nemur ekki undir þrjú hundruð milljörðum króna.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Peningamarkaðssjóðir hafa tútnað út á undanförnum mánuðum með háu nafnvaxtastigi og tiltölulega lítilli verðbólgu og eru orðnir risastórir verðbréfasjóðir. Þetta eru í raun og veru einu skuldabréfasjóðirnir sem hafa verið að vaxa frá áramótum. Er nú svo komið að heildarstærð þessara sjóða, sem eru í vörslu viðskiptabankanna og sparisjóðanna, er yfir þrjú hundruð milljarðar króna að sögn sjóðsstjóra sem rætt var við.

Sjóðirnir, sem fjárfesta í skammtímapappírum, einkum stuttum skuldabréfum, víxlum og innlánum, hafa reynst góður kostur fyrir almenning og aðra fjárfesta sem vilja fjárfesta til skamms tíma með lítilli áhættu. Fjárfestar hafa getað fengið um fimmtán prósenta nafnávöxtun, sem svarar til um tólf prósenta árlegrar raunávöxtunar. Þannig geta fjárfestar sem hafa fjárfest í hlutabréfum með góðum árangri á árinu losað um þau bréf og fengið til viðbótar nánast örugga háa ávöxtun af peningamarkaðsbréfum miðað við það háa raunvaxtastig sem nú er. Kostur þessara sjóða er ekki síður sá að bunditími er nær enginn og viðskiptakostnaður lágur.

Meðal þeirra bréfa sem sjóðirnir kaupa eru fyrirtækjavíxlar, sem eru vinsæl fjármögnunarleið hjá fyrirtækjum um þessar mundir. Fyrirtæki af flestum stærðum og gerðum eru að fjármagna sig til skemmri tíma óverðtryggt á 15,5-17,0 prósenta vöxtum sem endurspegla það vaxtastig sem ríkir innanlands.

Á sama tíma og hlutabréf og peningamarkaðssjóðir hafa skilað fjárfestum framúrskarandi ávöxtun hefur verið útstreymi úr millilöngum og löngum verðbréfasjóðum sem fjárfesta meðal annars í verðtryggðum pappírum. Á árunum 2004 og 2005 voru aðallega gefin út fimm til sjö ára verðtryggð fyrirtækjaskuldabréf en aðeins handfylli af slíkum bréfum hefur komið til útgáfu síðasta eina og hálfa árið. Eftirspurnin gæti aukist með haustinu en það er háð því að vextir taki að lækka.

# Eldsneytisverð í hámarki vestanhafs

Heimsmarkaðsverð á hráolíu hækkaði í vikubyrjun eftir að skæruliðar réðust á ónotaða olíuvinnslustöð í eigu franska olíufyrirtækisins Total í Nígeríu á mánudag.

Þótt skæruliðarnir hafi ekki unnið nein skemmdarverk er olíumarkaðurinn mjög viðkvæmur fyrir tíðum skærum í Nígeríu enda hefur framleiðsla þar í landi dregist saman um rúm þrjátíu prósent síðan í febrúar í fyrra vegna þessa. Samdrátturinn skiptir miklu máli fyrir heildarframleiðslu á hráolíu.

Orkumálaráðuneyti Bandaríkjanna gefur út vikulega skýrslu sína um olíubirgðir landsins síðar í dag. Gert er ráð fyrir að heildarbirgðir aukist nokkuð á milli vikna þótt spáð sé samdrætti á eldsneytisbirgðum. Því megi gera ráð fyrir nokkurri hækkun á eldsneytisverði vestanhafs á næstunni en það hefur nú ekki verið hærra síðan í byrjun níunda áratugarins, að sögn fréttastofu Reuters. Þetta þykja ekki góðar fréttir við byrjun sumars þegar margir verða á ferðinni á vegum landsins.

Verð á Brent-Norðursjávarolíu hækkaði um 1,07 dali í 71,50 dali á tunnu á mánudag. Í gær hægði á en verðið hefur þó ekki farið undir 70 dalina. **- jab**



**DROPINN DÝR Í BNA** Eldsneytisverð hefur hækkað nokkuð á árinu og hefur ekki verið hærra í Bandaríkjunum síðan snemma á níunda áratug síðustu aldar. MARKAÐURINN/AFP

# Uppbygging önnur hjá AVS

## Sjóður ráðherra er sagður starfa í nánum tengslum við sjávarútveginn. Stjórnarformaður sjóðsins er jafnframt stjórnarformaður eins stærsta styrkþegans.

AVS rannsóknarsjóður í sjávarútvegi úthlutaði í byrjun mánaðarins tæplega 238 milljónum króna til sextíu verkefna í sjávarútvegi. Þar af kemur opinbera hlutafélagið Matís að átján verkefnum sem úthlutað fengu 81,6 milljónum króna.

Matís er þar með einn stærsti styrkþegi AVS. Stjórnarformaður Matís er Friðrik Friðriksson, en hann er einnig formaður stjórnar AVS og skrifar sem slíkur undir bréf þar sem styrkbeiðnum er hafnað eða þær samþykktar.

Friðrik segir að þótt þetta kunni við fyrstu sýn að virðast tortryggilegt sé uppbygging sjóðsins með öðrum hætti en menn séu vanir. Sjóðurinn sé nokkurs konar verkefnasjóður sem starfi undir og í umboði sjávarútvegsráðherra. „Tilgangurinn er að auka hagnýtar rannsóknir í tengslum við greinina,“ segir hann. Uppbygging sjóðsins er svo þannig að sjóðsstjórnin fjallar ekki um einstakar umsóknir heldur leggur stærri línur í skiptingu styrkja milli fagsviða sjávarútvegsins. Fjórir faghópar fara hins vegar yfir umsóknir, meta og gefa einkunnir, en í hópunum er fólk úr geiranum, sumt hvert tengt fyrirtækjum sem sækir um styrki, að sögn Friðriks. „En Matís er náttúrlega stærsta fyrirtækið í greininni og liggur í augum uppi að þaðan koma margar umsóknir í öllum faghópum.“ **- óká**



**EINAR K. GUÐFINNSSON** Sjávarútvegsráðherra úthlutar úr AVS rannsóknarsjóði í sjávarútvegi. Sjóðurinn hefur verið á fjárlögum frá árinu 2004.

Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

MARKAÐSVAKTIN

mentis HUGBÚNAÐUR

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI í 14 daga á www.mentis.is

Microsoft CERTIFIED Partner

Grafika

Mentis Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

# VIÐ GÆTUM BÍLSINS MEÐAN ÞÚ ÁTT GÓÐA FERÐ

| LANGTÍMASTÆÐI VERÐSKRÁ | |
|---|---|
| 1-7 dagar | 600 kr. á sólarhring |
| Lengur en eina viku | 450 kr. á sólarhring |
| Lengur en tvær vikur | 350 kr. á sólarhring |
| Lengur en 3 vikur | 300 kr. á sólarhring |

| MISMUNANDI ÞRIF | Þvottur og bón | Þrif að innan | Alþvottur, bón og þrif að innan |
|---|---|---|---|
| Fólksbíll | 3.450 kr. | 2.000 kr. | 5.450 kr. |
| Millistærð | 4.250 kr. | 2.200 kr. | 6.450 kr. |
| Jeppar | 5.600 kr. | 2.400 kr. | 8.000 kr. |
| Djúphreinsun sæta | 800 kr.* | | |
| Djúphreinsun teppi | 2.500 kr. minni | | 3.500 kr. stærri |
| Leðurhreinsun+næring | | 1.000 kr.* | |
| Vélarþvottur | 3.000 kr. | | |

*pr. sæti

## BIFREIÐAGÆSLA

Það er hentugt að geta farið á eigin bíl út á flugvöll þegar lagt er í ferðalag erlendis. Securitas rekur langtíma bifreiðastæði hjá Flugvelli Leifs Eiríkssonar sem öruggt og auðvelt er að nýta sér. Þú þarft ekki að fá keyrslu út á völl né vera háður því að viðkomandi sæki þig þegar heim er komið. Bíllyklarnir þínir eru þá tilbúnir til afhendingar á þjónustuborði Securitas í komusal flugbyggingarinnar. Einnig getur þú óskað eftir því að þjónustuaðilar Securitas þrífi bílinn þinn hátt og lágt og þú keyrir heim á tandurhreinum bíl eftir ljúft ferðalag.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma **425 0444** eða á þjónustuborði Securitas í komusal flugbyggingarinnar.

SECURITAS

# Grunnt í sjóðum viðskipta- og hagfræðinga

Ný könnun Félags viðskipta- og hagfræðinga gefur til kynna að félagsmenn hafa skýrari hugmyndir um starfslok sín nú en fyrir tveimur árum. Þeim gengur þó heldur treglega að spara til rólegri áranna. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* gluggaði í niðurstöður könnunarinnar sem verða kynntar á morgunverðarfundi á Grand hóteli á morgun.

Á morgun, fimmtudag, kynnir Félag viðskipta- og hagfræðinga niðurstöður könnunar sem framkvæmd var í apríl meðal félagsmanna. Félagið vildi komast að því hvort viðskipta- og hagfræðingar huguðu að starfslokum sínum, hvort þau væru skipulögð og hvernig undirbúningi þeirra væri háttað. Könnunin var gerð meðal fjögur hundruð félagsmanna FVH í apríl. Fundurinn er opinn öllum og ókeypis fyrir félagsmenn.

Þröstur Olaf Sigurjónsson, formaður Félags viðskipta- og hagfræðinga og lektor við HR, átti hugmyndina að gerð könnunarinnar, sem fyrst var framkvæmd fyrir tveimur árum og aftur nú. „Þegar ég var við framhaldsnám í Barcelona fyrir um tíu árum kynntist ég fólki sem var að hefja sinn starfsferil. Margt af því hafði hug á að fara út í fjárfestingarbankastarfsemi. Launin og ekki síst bónusarnir í störfum þeirra gáfu kost á því. Margt þeirra ætlaði sér að hætta að vinna á bilinu 40 til 45 ára.”

Á þessum tíma voru ekki til fjárfestingarbankar á Íslandi en þeir hafa sprottið hér upp að undanförnu. Þresti þótti forvitnilegt að heyra hvernig viðskipta- og hagfræðingar, sem eru stór hluti þess fólks sem starfar í fjármálageiranum og ber oft mikið á, sæju fyrir sér starfslok sín. „Af umræðunni að dæma mætti ætla að fólk eignaðist nú peninga mun fyrr á lífsleiðinni en áður. Þjóðfélagið er gegnsýrt af umræðunni um peninga og sögum af auðmönnum. Þá er gríðarleg eftirspurn eftir þessari viðskipta- og hagfræðimenntun. Mig langaði að skoða hvernig raunveruleikinn samræmdist þessum hugmyndum.“

Könnunin sem gerð var fyrir tveimur árum felldi nokkrar af þeim hugmyndum sem uppi hafa verið um stéttina viðskipta- og hagfræðinga. Í ljós kom að flestir hafa nokkuð hefðbundnar hugmyndir um starfslok sín. Þá virðist stéttin ekki eiga mikla peninga á lausu. Bæði eru meðallaun hennar ekki sláandi há og hún sparar áberandi lítið.



**ÞRÖSTUR OLAF SIGURJÓNSSON, FORMAÐUR FÉLAGS VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐINGA** Í apríl lét FVH í annað sinn vinna könnun á hugmyndum viðskipta- og hagfræðinga um starfslok sín. Ýmislegt við niðurstöður könnunarinnar kemur á óvart.

### ENGIN FRUMKVÖÐLASTÉTT

Viðskipta- og hagfræðingar virðast hafa bætt sig nokkuð í því að undirbúa starfslok sín. Hlutfall þeirra sem ekki hafa sett sér markmið hefur lækkað úr 42 prósentum í 37 prósent. Fleiri hafa sett sér fjárhagsleg markmið um starfslok sín en markmið um tímasetningu.

Þeim viðskiptafræðingum og hagfræðingum sem geta hugsað sér að hætta fyrr en við eftirlaunaaldur hefur fjölgað nokkuð. Almennt séð liggur stéttinni þó ekki á að fara út af vinnumarkaði. Einungis 1,3 prósent þeirra sem svöruðu könnuninni ætla að hætta að vinna fyrir fimmtíu árin. Langflestir ætla að hætta störfum á bilinu 61 til 65 ára. Margir geta þó hugsað sér að minnka við sig vinnu eða starfa sem sjálfstæðir ráðgjafar. Átta prósent kjósa að skipta yfir í annan starfsvettvang. Þá nefna þó nokkrir eigin fjárfestingar nú. Sú hugmynd komst ekki á blað árið 2005.

Það kemur sennilega ýmsum á óvart að stétt viðskipta- og hagfræðinga geymir fáa frumkvöðla. Afar fáir viðskipta- og hagfræðingar geta hugsað sér að fara út í eigin rekstur.

### UPP TIL HÓPA VENJULEGT FÓLK

Stéttinni gengur ívið betur að leggja fyrir nú heldur en fyrir tveimur árum síðan. Fleiri eiga stærri sjóði nú en þá. Langflestir leggja fyrir. Þó er ekki um háar fjárhæðir að ræða. Um helmingur viðskipta- og hagfræðinga sparar fimmtán til fimmtíu þúsund krónur á mánuði. Ungt fólk undir 35 ára sparar minnst og á grynnstu sjóðina.

Fyrir utan lífeyrissparnaðinn eiga langsamlega flestir minna en þrjár milljónir króna í sjóði. Þeim fer fækkandi sem eiga meira en það. Þrjú prósent stéttarinnar eiga meira en hundrað milljónir í sjóði. Þessar tölur eru svipaðar niðurstöðunum árið 2005. Það er nokkuð sérstakt í ljósi mikillar verðhækkunar eigna á tímabilinu.

Til viðbótar við að viðskipta- og hagfræðingar spari ekki mikið eru þeir upp til hópa ekki á fljúgandi háum launum. Tuttugu prósent hjóna, þar sem annað er viðskipta- eða hagfræðingur og hefur tekið þátt í könnuninni, eru með heildartekjur sem fara yfir milljón á mánuði. Restin er undir því.

Miðað við þá félagsmenn FVH sem svöruðu könnuninni er það mikla eignafólk sem Ísland á í dag ekki endilega í hópi viðskipta- og hagfræðinga, eins og margir kynnu að halda. „Þessi stétt virðist ekki vaða í peningum,“ segir Þröstur. „Þetta er ósköp venjulegt fólk.“

#### VIÐ HVAÐA ALDUR ERU STARFSLOK FYRIRHUGUÐ?




#### HVERJAR ÞYRFTU MÁNAÐARLEGAR RÁÐSTÖFUNARTEKJUR AÐ VERA TIL AÐ STARFSLOK VÆRU MÖGULEG?




#### HVAÐ HEFUR ÞÚ RÁÐ Á AÐ LEGGJA MIKIÐ FYRIR Á MÁNUÐI (FYRIR UTAN VIÐBÓTARLÍFEYRISSPARNAÐ)?




#### HVAÐ ÁTT ÞÚ STÓRAN SJÓÐ, FYRIR UTAN VIÐBÓTARLÍFEYRISSPARNAÐ?




#### HEILDARTEKJUR HEIMILIS




## Kröfur umfram innistæður

Eins og forvitnilegt er að skoða hugmyndir viðskipta- og hagfræðinga um starfslok sín er fróðlegt að skoða hvaða hugmyndir þeir nýútskrifuðu hafa þegar þeir koma út á vinnumarkaðinn. En hvaða augum líta stjórnendur nýútskrifaða viðskipta- og hagfræðinga? Félag viðskipta- og hagfræðinga hefur nýverið gert nokkurs konar spegil á aðra könnun sem gerð var í haust og sýndi miklar væntingar útskriftarnema til frama síns.

Í haust stóð Félag viðskipta- og hagfræðinga fyrir könnun meðal allra háskólanema sem stefndu að útskrift í greinunum úr íslenskum háskólum innan árs. Niðurstöður könnunarinnar voru sláandi fyrir þær sakir að nánast annar hver nemandi vildi vinna fyrir bankana. Langflestir þeirra litu á Kaupþing sem fyrsta kost. Greinilegt er að útskriftarnemendur álykta sem svo að þar séu hæstu launin, bestu tækifærin og mest spennandi að vera. Upp til hópa voru nemendur bjartsýnir á framann sem fyrir þeim lá.

Nú hefur félagið látið vinna nokkurs konar speglun á könnunina sem gerð var í haust með því að skoða hvaða væntingar stjórnendur hafa til nýútskrifaðra hagfræðinga og viðskiptafræðinga og hvernig þeir standa undir þeim. Stjórnendurnir voru meðal annars beðnir um að nefna í hverju nemendur stæðu sig sérstaklega vel, í hverju þeir mættu bæta sig og hvaða laun þeir hugsuðu sér að greiða þeim.

Viðhorf stjórnenda eru að mörgu leyti samræmanleg væntingum nemenda úr eldri könnuninni. Langflestir þeirra töldu eðlilegt að bjóða nýútskrifuðum sérfræðingum með BSc-gráðu laun á bilinu 300 til 350 þúsund krónur. Launavæntingar útskriftarnemenda voru að meðaltali 350 þúsund krónur en að miðgildi 300 þúsund krónur.

Stjórnendur eru almennt jákvæðir í garð viðskipta- og hagfræðimenntunarinnar og telja hana skipta miklu máli fyrir ráðninguna. Tíu prósent aðspurðra töldu þó þá tilteknu menntun engu eða mjög litlu máli skipta. 64 prósent stjórnenda sögðu nýútskrifaða viðskiptafræðinga og hagfræðinga reynast jafn vel og áður. 23 prósent þeirra sögðu þá þó reynast nokkuð eða miklu verr. Einungis 14 prósent töldu þá reynast betur. Langflestir þeirra stjórnenda sem leita eftir viðskiptafræðingi þurfa útskriftarnema af sviði fjármála eða reikningshalds, eða um 56 prósent.

Svör stjórnenda gefa til kynna að nýútskrifaðir hagfræðingar og viðskiptafræðingar eru oftar en ekki heldur góðir með sig. Þeir gera miklar kröfur til vinnuveitenda sinna um leið og þeir koma úr námi. Algengt er að krafan sé að fá síma, tölvu, afnot af bíl eða aðra bónusa. Oft þykir stjórnendum fulllítil innistæða fyrir kröfunum.

Stjórnendurnir virðast nokkuð sáttir við gæði menntunar sérfræðinganna nýútskrifuðu. Flestir kunni það sem stendur í námsbókunum og geti nokkuð vel notað þekkinguna. Hins vegar telja þeir að þá skorti á stundum sjálfstraust, þjálfun til að koma fram og að eiga í samskiptum við annað fólk. Þá sé áberandi að nýútskrifaðir sérfræðingar hafi léleg tök á íslensku og geti illa komið frá sér texta.



Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta
Fiskimjölsverksmiðjur
Á góðum járnum
HÉÐINN
Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is




Land Rover Range Rover með twin túrbó V8 díselvél.
Nýja V8 vélin er 54% aflmeiri og 75% hljóðlátari en eldri díselvélin.

Með bílinn handa þér

GO BEYOND™

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími: 575 1200 - www.landrover.is

**NIÐURSTÖÐUR KYNNTAR Í SAMKEPPNISHÆFNISRANNSÓKN** Frosti Ólafsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands, Erlendur Hjaltason, formaður ráðsins, og Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Glitnis, kynntu niðurstöður í samanburði á samkeppnishæfni þjóða á fundi fyrir helgi. MARKAÐURINN/GVA




**SAMKEPPNISHÆFI ÞJÓÐA 2007**

| Stig | Land (sæti 2006) og sæti 2007 |
|---|---|
| 100.000 | (1) Bandaríkin 1 |
| 99.121 | (3) Singapúr 2 |
| 93.541 | (2) Hong Kong 3 |
| 92.207 | (9) Lúxemborg 4 |
| 91.926 | (5) Danmörk 5 |
| 90.432 | (8) Sviss 6 |
| 88.689 | (4) Ísland 7 |
| 85.864 | (15) Holland 8 |
| 84.119 | (14) Svíþjóð 9 |
| 83.824 | (7) Kanada 10 |
| 83.184 | (13) Austurríki 11 |
| 82.387 | (6) Ástralía 12 |
| 81.992 | (12) Noregur 13 |
| 81.856 | (11) Írland 14 |
| 79.484 | (18) Kína (meginland) 15 |
| 78.022 | (25) Þýskaland 16 |
| 77.337 | (10) Finnland 17 |
| 76.050 | (17) Taívan 18 |
| 75.506 | (21) Nýja-Sjáland 19 |
| 75.447 | (20) Bretland 20 |
| 74.321 | (24) Ísrael 21 |
| 74.303 | (19) Eistland 22 |
| 74.091 | (22) Malasía 23 |
| 72.405 | (16) Japan 24 |
| 71.543 | (26) Belgía 25 |
| 68.567 | (23) Chile 26 |
| 63.380 | (27) Indland 27 |
| 62.561 | (30) Frakkland 28 |
| 61.564 | (32) Suður-Kórea 29 |
| 61.208 | (31) Spánn 30 |
| 61.071 | Litháen 31 |
| 59.624 | (28) Tékkland 32 |
| 57.758 | (29) Taíland 33 |
| 57.722 | (33) Slóvakía 34 |
| 57.627 | (35) Ungverjaland 35 |
| 57.431 | (36) Grikkland 36 |
| 57.132 | (40) Jórdanía 37 |
| 56.899 | (34) Kólumbía 38 |
| 55.984 | (37) Portúgal 39 |
| 55.172 | (39) Slóvenía 40 |
| 48.737 | (41) Búlgaría 41 |
| 48.268 | (48) Ítalía 42 |
| 47.315 | (46) Rússland 43 |
| 47.286 | (49) Rúmenía 44 |
| 47.163 | (42) Filippseyjar 45 |
| 45.479 | Úkraína 46 |
| 45.305 | (45) Mexíkó 47 |
| 45.221 | (43) Tyrkland 48 |
| 44.706 | (44) Brasilía 49 |
| 44.479 | (38) Suður-Afríka 50 |
| 43.350 | (47) Argentína 51 |
| 42.734 | (50) Pólland 52 |
| 38.523 | (51) Króatía 53 |
| 37.410 | (52) Indónesía 54 |
| 30.954 | (53) Venesúela 55 |

(Í sviga er staðan frá því í fyrra)

Heimild: IMD World Competitiveness Yearbook 2007

# Vonbrigði að falla jafnmikið

**Lausatök í opinberri efnahagsstjórn á þenslutímum er sögð ástæða þess að landið ára í samanburði á samkeppnishæfni þjóða. Í fyrra var Ísland í fjórða sæti, en ver *Kristján Ármannsson* sat kynningu á niðurstöðunum og komst að því að þótt vonbr mikið mættu lönd vel við una að vera meðal tíu efstu á IMD World Competitiv**

Ísland fellur úr fjórða sæti í það sjöunda í samanburði IMD-viðskiptaháskólans í Sviss á samkeppnishæfni þjóða. Viðskiptaráð Íslands og Glitnir kynntu niðurstöður könnunarinnar fyrir helgi. Þar var breytt staða þjóðarinnar í samanburðinum nefnd „fórnarkostnaður velgengninnar“ því uppgangur í efnahagslífinu hér hefði getið af sér misvægi og óstöðugleika sem kæmi niður á samkeppnishæfninni í mælingu IMD.

Í könnuninni er metin samkeppnishæfni 55 landa út frá yfir 300 hagvísum og svörum frá áhrifamönnum í viðskiptalífinu. Hagvísarnir eru látnir vega að tveimur þriðju á móti svörunum sem fást í könnuninni og niðurstöðurnar svo bornar saman á milli landa. Mikil reynsla er komin á framkvæmd könnunar IMD, sem gerð hefur verið allt frá árinu 1989 og niðurstöðurnar birtar á ári hverju. Þær eru sagðar gefa raunhæfa og samanburðarhæfa mynd af hagkerfi og viðskiptaumhverfi landanna sem könnunin tekur til.

**EFNAHAGSÞENSLA DREGUR OKKUR NIÐUR**

Frosti Ólafsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs, sem kynnti niðurstöður könnunarinnar, segir sætafall landsins í raun mega kalla „fórnarkostnað velgengninnar“ því viðskiptahalli, verðbólga og hagstærðir sem komnar séu úr jafnvægi sökum þenslu hafi áhrif á samkeppnishæfnina, þótt landið standi mjög vel á mörgum sviðum. „Þenslan skilar ákveðnum fórnarkostnaði og við þá þætti glímum við nú,“ segir Frosti.

„Niðurstaðan er hins vegar ekki alslæm og margt forvitnilegt kemur í ljós þegar niðurstöður könnunarinnar eru skoðaðar betur,“ bætir hann við. „Könnuninni er skipt niður í fjóra þætti; efnahagslega frammistöðu, skilvirkni hins opinbera, skilvirkni viðskiptalífsins og innviði samfélagsins.“ Innan flokkanna, þegar litið er hjá lækkunartilefna vegna efnahagsástands, segir Frosti leynast framfarir.

Hann segir til dæmis koma í ljós varðandi skilvirkni hins opinbera að skriffinnska sé hér í lágmarki og skrifræði lítið í tengslum við viðskiptalífið. „Þá komum við best út hvað varðar sveigjanleika vinnumarkaðar og regluverks í kringum hann. Þetta er sama niðurstaða og í fyrra og endurspeglast meðal annars í háu atvinnustigi sem hér hefur verið nær sleitulaust síðustu áratugina.“ Veikleikana þarna segir Frosti hins vegar helst tengjast því að peningamálastefna Seðlabankans stangist á við fjármálastefnu hins opinbera. „Þetta endurspeglast ekki bara í hagstærðunum heldur kemur líka fram í svörum þeirra sem leitað var álits hjá. Þeim finnst þessi mál ekki hafa verið í nógu góðum farvegi.“ Sömuleiðis draga þjóðina niður á listanum þættir á borð við fjármagnskostnað og stöðugleika gjaldmiðilsins. „En helst er jákvætt við þetta að veikleikana má annars vegar rekja til smæðar landsins, sem við getum jú lítið gert í, og hins vegar til skammtímaþátta.“ Þá vegur viðskiptahallinn þungt á veikleikakvarðanum, en Frosti bendir um leið á að Viðskiptaráð hafi mælst til þess að ef til vill væri kominn tími til að huga að aðferðafræði við mælingu hans og framsetningu. Helst snýr þetta að útreikningi erlendra eigna á móti skuldum fyrirtækja hér.

Varðandi skilvirkni atvinnulífs er Ísland í öðru sæti þriðja árið í röð. Atvinnuþátttaka mælist hér sú þriðja hæsta, atvinnuleysi minnst og fjárfesting mikil. Krónan dregur hins vegar úr árangri sem metinn er af virkum hlutabréfamarkaði og miklum vexti sem í honum hefur verið vegna metinnar áhættu af sveiflum á gengi hennar. Sömuleiðis bendir Frosti á að þótt Ísland kunni að falla í einhverjum málaflokkum geti það líka stafað af því að aðrar þjóðir hafi bætt sig meira en við. „Það er ekki þannig að Ísland versni í þessum málaflokkum öllum milli ára.“

Ísland hækkar svo um tvö sæti þegar horft er til innviða hagkerfisins, en þar segir Frosti að „langtímamál“ skili okkur ofarlega. Þarna vega menntamál þungt, við erum með hæsta hlutfall landsframleiðslu sem fer í menntamál, há skráning í framhaldsnám og mat stjórnenda er að fólk sé almennt vel menntað og hæft þegar það kemur til starfa. Orkumálin hafa líka góð áhrif á niðurstöðuna, mengun er lítil og landið líka með hæst hlutfall heimila sem tengd eru við internetið. „Helsta áhyggjuefnið er hins vegar þessi hátæknimál, en jákvætt væri að auka hlutdeild hátækniútflutings frá landinu. Fá einkaleyfi eru skráð hér, hvort sem það er vegna regluverks eða annarra þátta.“

Á heildina segir Frosti niðurstöðuna góða þótt vinda þurfi

## Mikilvægt tól í stöðumati



ERLENDUR HJALTASON

Erlendur Hjaltason, forstjóri Exista og formaður Viðskiptaráðs Íslands, segir mikilvægt fyrir íslenskt viðskiptalíf að fá úttekt á borð við þá sem IMD-viðskiptaháskólinn gerir. „Þarna getum við fylgst með því hvernig þættir breytast milli ára og notað niðurstöðurnar til að meta veikleika og styrkleika hvers hagkerfis. Niðurstöðurnar geta nýst stjórnendum og í viðskiptalífinu til að meta hvað sé gott og hvað slæmt, hvort hagkerfi sé í vörn eða sókn og hvernig bregðast skuli við,“ segir hann.

# Hardox plötur

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

**Margföld ending og slitþol!**

- Slitplötur í miklu úrvali
- Niðurefnun og efnissala
- Smíði úr Hardox

Á góðum járnum

HÉÐINN
Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101• www.hedinn.is



# vinnuvélar

MIÐVIKUDAGUR 23. MAÍ 2007


Vélafans

**Nýtt hverfi byggist upp á Vatnsenda í Kópavogi** BLS. 2





LJÓSMYND: GESTUR PÁLSSON




# 600
lítrar á dag

*„Að reka kúabú og halda því vel við er hörkuvinna. Ég hef sparað tíma og fyrirhöfn með því að vera í viðskiptum við Lýsingu, þar sem einstaklega lipurt starfsfólk hefur ávallt tekið vel á móti umsóknum mínum og afgreitt þær fljótt og örugglega.“*

Reynir Gunnarsson bóndi, Leirulækjarseli

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

**Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500



Hitachi-grafa að moka úr grunni upp á Man-vörubíl frá Sköflungi ehf. Tveir tólf hjóla Volvo-bílar bíða eftir hlössum.



Unnið er við að klæða höllina með samlokueiningum. 80 tonna Liebherr-krani frá Ístaki sér um að lyfta þeim á réttan stað og á enda hans er sogklukka sem tveir menn eru fljótir að festa einingarnar á.



Bjarki Már Gunnarsson og Gunnar Gunnarsson voru að hlaða stórgrýtiskant á lóðarmörkum. Til hjálpar eru Volvo-framskófluvélar sem notaðar eru í jarðvinnu á sumrin og snjómokstur á veturna og Kubota-beltagrafa með tönn sem nýtist vel til að hlaða grjótinu upp. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# VÉLAFANS
## í Vatnsendahverfi

**Vinnuvélar af mörgum stærðum og gerðum eru mannsandanum og verklögnum höndum til hjálpar við uppbyggingu Vatnsendahverfisins í Kópavogi.**

Húsin þjóta upp við Vatnsenda og hvarvetna blasa vélar og tæki við innan um nýbyggingarnar. Það er grafið, það er steypt og það er híft.

Meðan blaðamaður og ljósmyndari stansa augnablik að virða fyrir sér hina risavöxnu íþróttahöll sem sprottið hefur upp á síðustu mánuðum við hesthúsgaflana á Heimsenda hálfkróast þeir inni af tveimur stórum bílum svo ljósmyndara verður að orði: „Það er eins gott að stoppa ekki heilt kortér á svona stað, þá gæti verið búið að byggja í kringum mann!“

Verið er að klæða höllina utan með einingum úr klæðningu og einangrun sem hífðar eru upp og raðað saman utan á göflunum. Á öflugum krana í eigu Ístex er Arnar Reynisson við stjórnvölinn. Hann er ónáðaður augnablik. „Þetta er áttatíu tonna krani, býsna öflugur,“ segir hann brosandi og kveðst aðspurður hafa verið heppinn á honum. „Ég hef að minnsta kosti sloppið við að slasa menn alvarlega en það er betra að hafa hugann við það sem maður er að gera. Annars getur farið illa.“

Best að glepja hann ekki lengur heldur gefa vinnufrið. *- gun*



Það er betra að hafa hugann við það sem maður er að gera,“ segir Arnar Reynisson kranamaður.


**VIÐ GERUM ALLT FYRIR ÖRYGGIÐ...**



...og sérhæfum okkur í vinnufatnaði og skóm sem uppfylla öryggisstaðla.

Þú færð það sem til þarf hjá okkur, hvort sem þú ert að fara í vinnuna, út í sumarið, í góða gönguferð eða annað.

Komdu og leitaðu ráða hjá sérfræðingum okkar.

Skeifan 3
108 Reykjavík
Sími: 588 5080
www.dynjandi.is

DYNJANDI
allt fyrir öryggið


# Alltaf næg verkefni

Guðmundur Gunnarsson er annar tveggja stofnenda fyrirtækisins GV gröfur á Akureyri. „Við erum að vinna að hitaveitulögnum í Fnjóskadal, gatnagerð í Naustahverfi á Akureyri og niðurrifi á Gleráreyrum á Akureyri þar sem verið er að stækka verslunarmiðstöðina Glerártorg,“ segir Guðmundur. „Það er næg verkefni að hafa og það má segja að sumarvertíðin sé búin að standa frá því í fyrra. Hitaveitulögnin sem við erum að vinna að er stórt verkefni, hún liggur frá Illugastöðum í Fnjóskadal og alveg til Grenivíkur en það eru um 47 kílómetrar. Þessi vinna fór af stað í janúar og gengur mjög vel.“



Guðmundur segir vel hafa gengið að ráða gott sumarstarfsfólk. FRÉTTABLAÐIÐ/HNEFILL

Guðmundur segir að talsvert hafi fjölgað í starfsliðinu á sumrin og að það hafi gengið vel að ráða í ár. „Það hefur ekki reynst erfitt að finna duglegt og vant starfsfólk.“ *- öhö*



Arnarfell ehf Sjafnarnesi 2 603 Akureyri s: 460-7500 www.arnarfell.is arnarfell@arnarfell.is

# Verktakar

## í 20 ár

Verktakar
Steypusala
Efnisvinnsla
Jarðgangnagerð


Vegagerð í Kambanesskriðum


Flutningur brúarboga í Vatnsfelli


Vegagerð


Gerð Hörgárdalsvegar


Svæði Arnarfells ehf á Akureyri


Mölun í Bárðardal


Fnjóskárbrú


Steypt í Reykjadal


Snjóflóðagarðar á Neskaupsstað


Vegagerð í [illegible]


Jarðgangnagerð


Steypt á Akureyri


Jarðgangnagerð í Hraunveitum

1984
1985
1986
1987
1988
1989
1990
1991
1992
1993
1994
1995
1996
1997
1998
1999
2000
2001
2002
2003
2004
2005
2006
2007
2008
2009

# Caterpillar stendur alltaf næst hjartanu

Haraldur Björn Halldórsson hefur ekið valtara í malbikun hjá Loftorku Reykjavík um nokkurra ára skeið.

„Þetta er náttúrlega upplagt starf fyrir menn eins og mig, með ekkert nema grunnskólapróf upp á vasann,“ segir Haraldur og kímir. Það eina sem þarf er vinnuvélaréttindi, sem hann segir mun ódýrari menntun en annað viðbótarökunám, og möguleikar á fjölbreytni í starfi mun meiri.

Haraldur er uppalinn í Borgarfirði þar sem hann ól manninn til sextán ára aldurs. „Ég ætlaði að reyna að sækja einhverja menntun hérna í Reykjavík og flutti hingað mitt fyrsta menntaskólaár.“ Fljótlega slitnaði upp úr náminu og eftir eitthvað sem átti aðeins að vera sumarvinna ílengdist hann og hefur verið hjá Loftorku Reykjavík síðan.

„Ég hef haft óbilandi tækjadellu frá fæðingu,“ segir hann. Sem mikill áhugamaður um bíla bindur Haraldur trúss sitt sérstaklega við eina gerð vinnuvéla. „Þar stendur Caterpillar alltaf næst hjarta mínu. Í bifreiðunum eru það svo sænsku hundasleðarnir, Volvo.“ Af þessum sökum er Haraldur sjaldan kallaður annað en „Halli Volvo“ af vinum og kunningjum.

Það gæti komið mörgum á óvart að Haraldi finnst ekki sérlega gaman að keyra. „En mér finnst gaman að eiga fallega bíla, og jafnvel gera við þá, eins mikið og ég get.“

*arnorb@frettabladid.is*



**Haraldur Björn er vanur á valtaranum en er hrifnari af því að gera við bíla en að keyra þá.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






## ● FÖLSUÐ CONTINENTAL-DEKK

Dekkjaframleiðandinn Continental hefur varað við því að fölsuð dekk merkt Continental séu til sölu í Þýskalandi og hugsanlega fleiri stöðum í Vestur- og Norður- Evrópu.

Dekkin, sem talin eru upprunin í Austur-Evrópu eða Asíu, eru mun lélegri en raunveruleg Continental-dekk og óttast fyrirtækið mikinn ímyndarskaða. Því eru viðskiptavinir beðnir um að vera á varðbergi og vara sig á eftirlíkingum.

Þrátt fyrir að eftirlíkingarnar líkist fyrirmyndinni í flesta staði vantar á þau Continental-merkið og því ætti bílstjórar ekki að vera í vandræðum með að þekkja fölsuðu dekkin.



# GOTT ÚRVAL
## AF GÓÐUM RENNIBEKKJUM
### ALLAR STÆRÐIR

**Rennibekkur**
**Basic 150 Super**

- 1000 mm milli odda
- 356 mm hæð yfir sleða
- 3ja ása aflestrarbúnaður
- 3ja arma patróna 160 mm
- 4ra arma klóplan 200 mm
- 320 mm festiplata
- Kælikerfi
- Föst brilla
- Færanleg brilla



**Hraðskipti stálabúnaðar**



**FRÁBÆRT VERÐ**




Fyrir ál og stál
Fyrir ryðfría og fluxfyllta víra 0,6 -1,0mm
Fyrir 230V og rafstöðvar
Þyngd aðeins 9,4 og 9,8 kíló

# NÝR
## STÁLSÉRFRÆÐINGUR
**- MIG fyrir þig og mig -**

Nú er rafsuða loksins orðin miklu auðveldari
Létt ferða -MIG- vél fyrir atvinnumanninn og þig.
Bara stilla efnisþykkt í millimetrum og taka í gikkinn,
vélin sér um restina.

100 METRA framlengingarsnúrur
eru EKKERT MÁL

**ALVÖRU KEMPPI GÆÐI !**

STOFNAÐ ÁRIÐ 1978
ístækni ehf.
VÉLAR-TÆKI-VERKFÆRI
Nethyl 2 sími: 510 9100 www.istaekni.is istaekni@istaekni.is

KNUTH

Grafika 03/07



Renault Kangoo Family er fjölskylduútgáfa af Kangoo-sendibílnum. Það hefur sína kosti og galla að breyta sendibíl í fjölskyldubíl og fyrir því finnur Kangoo.



Þótt þú sért afkomandi Jóhanns risa ætti að vera nóg höfuðpláss í Kangoo fyrir þig og börnin þín.



Mælaborð Kangoo Family er ekki flókin smíð. Hins vegar er það þægilegt í notkun rétt eins og bíllinn sjálfur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Helsti styrkur Kangoo er gott aðgengi.

# Alhliða bíll fyrir iðnaðarmanninn

**Renault Kangoo er einn af söluhæstu sendibílunum á Íslandi. Ekki er furða, enda er hann fjölhæfur. Það á einnig við um „fjölskylduútgáfuna“.**

Nýjasta æðið hjá bílaframleiðendum er að taka sendibíla, taka dósaopnarann og skera út fyrir nýjum gluggum, skipta út allra ódýrasta efninu og markaðssetja gamla sendibílinn sem nýjan fjölskyldubíl.

Renault Kangoo var einn af þeim sem riðu á vaðið og í kjölfarið hafa fleiri fylgt eftir. Bílar eins og Skoda Roomster hafa notið nokkurrar velgengni erlendis og greinilega ekki að ástæðulausu að bílaframleiðendur munda nú margir dósaopnarann. Stóra spurningin er hins vegar hvernig þetta gengur ofan í íslenska kaupendur.

Kangoo Family er markaðssettur fyrir fjölskyldur í Frakklandi og þar ku hann hafa notið nokkurra vinsælda hjá ungum foreldrum í gömlum borgarhlutum þar sem götur eru þröngar og pláss af skornum skammti. Það sama er ekki uppi á teningnum hérlendis. Hér eru engir mjög gamlir bæjarhlutar og af plássi er nóg, enda Ísland eitt strjálbýlasta land í Evrópu og höfuðborgin okkar ein dreifðasta og verst skipulagða borg í heimi, að Kópavoginum undanskildum auðvitað. Kangoo Family hefur því ekki orðið vinsæll fjölskyldubíll á Íslandi. Hann hefur hins vegar orðið nokkuð vinsæll hjá iðnaðarmönnum.

Kangoo er fyrirtaks vinnubíll. Rétt eins og lög gera ráð fyrir er hann einfaldur en um leið traustur. Hvað varðar vélarkost er hann nokkuð sprækur en Family útgáfan er búin 1,6 lítra 95 hestafla vél. Þægilegt er að sitja í bílnum og af plássi er nóg. Þetta gerir Kangoo að góðum kosti fyrir þá sem bæði þurfa að flytja farm og farþega.

Sem fjölskyldubíll er Kangoo hins vegar ekki spennandi bíll. Íslendingar eru einfaldlega of góðu vanir og sparsemi í efnisvali, fátækleg innrétting miðað við hefðbundna fólksbíla og sendibílaútlitið virkar án efa fráhrindandi á flesta. Bíllinn er hár, enda sendibíll, og þó svo að gott sé að hafa gott höfuðpláss nýtist það ekki nema börnin þín spili í NBA-deildinni.

Íslenska þjóðin er einfaldlega orðin og góð með sig fyrir Kangoo Family. Þegar kemur að því að fara út að borða með fjölskyldunni eru hvítlaukslegnir sniglar í forrétt, appelsínuönd í aðalrétt og creme brulée í eftirrétt. Þegar þú ferð í vinnuna gilda aðrar reglur. Þar færðu þér baguette með osti, skinku, káli og eggjum og einu sniglarnir á svæðinu eru þeir sem horfa á þig úr grasinu og hugsa: „Mikið langar mig í þetta baguette.“

*tryggvi@frettabladid.is*

*Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?*

**DÍÓÐULJÓSIN FRÁ OKKUR ERU:**





ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR GERÐIR VÖRU- OG FLUTNINGABÍLA



**TRUCK - LITE**

**Ljósasamlokurnar frá okkur eru:**

ÓBRJÓTANDI
HÖGGÞOLNAR
ENDAST OG ENDAST



et EHF VERSLUN
Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844

*Ljósin frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...*



**Volvo leggur mikið upp úr öryggi bæði fólks og vinnubíla sinna.**

**● ÁHRIF ÁFENGIS OG SVEFNDRUNGA ÞAU SÖMU** Volvo kynnti á dögunum niðurstöður rannsóknar á áhrifum áfengisneyslu á akstursgetu ökumanna. Engum þarf að koma á óvart skert geta ökumanna eftir nokkra bjóra. Það sem kemur hins vegar á óvart er hversu líkar niðurstöður prófana með mjög þreytta ökumenn voru þeim með drukkna ökumenn.

Í ljósi þess hefur tæknideildinni verið falið að hanna búnað sem numið gæti þreytustig ökumanns. Volvo var einn af fyrstu vörubílaframleiðendunum til að bjóða áfengislása í vörubíla sína. Blása þarf í mælinn áður en lagt er af stað og ef áfengismagn mælist of mikið fara bílarnir einfaldlega ekki af stað.


Svavar Svavarsson kennari er að ljúka síðasta vinnuvélanámskeiði vetrarins.

# Mest aðsókn í atvinnuleysi

Síðasta vinnuvélanámskeiði vetrarins á vegum Nýja ökuskólans er að ljúka. Það er bóklegt en að því loknu tekur verknámið við og flestir hverfa að því hjá sínum vinnuveitendum.

Svavar Svavarsson er þrautþjálfaður kennari hjá Nýja ökuskólanum. „Námskeiðið hjá mér er 80 kennslustundir og tekur þrjár helgar. Það er byggt upp af 24 greinum og veitir æfingarrétt á allar gerðir véla undir leiðsögn manns með kennsluréttindi. Þá kemur að sérhæfingunni og tækjaflokkarnir eru nokkrir. Að verknámi loknu taka menn svo próf hjá Vinnueftirlitinu“ útskýrir hann. Svavar segir um 500 manns á ári hafa sótt vinnuvélanámskeiðin að meðaltali undanfarin ár, um 10% fæðingarárganga í landinu. Segir þó ekki sjálfgefið að þau séu vinsæl þegar uppsveifla sé í byggingariðnaði. „Í raun er mest aðsókn að námskeiðum í atvinnuleysi. Þegar jafn mikið er að gera í þjóðfélaginu og undanfarin ár gefa menn sér varla tíma til að sitja námskeið þó að mörgum þyki stjórn vinnuvéla áhugaverð.“

Aðspurður segir Svavar mikið um að menn séu réttindalausir á vélum. „Auðvitað er alltaf eitthvað um að menn séu próflausir. Svo vinna hér þúsundir útlendinga og menn vita oft ekkert hvað stendur á bak við þeirra réttindi. Víða um heim kaupa menn sér svoleiðis fyrir sígarettupakka og hér á landi eru réttindakröfur mun lægri en á Norðurlöndunum.“ *- gun*


Nýju bílar Wall Mart eru grænir í öllum merkingum orðsins.

**● WALL MART KAUPIR HYBRID-VÖRUBÍLA**

Bandaríska verslanakeðjan Wal-Mart ætlar að auka hagkvæmni bílaflota síns um 25 prósent. Kaup á tvinnvörubílum er partur af þessari áherslu og nú hefur fyrirtækið fengið fyrsta slíka bílinn afhentan.

Bíllinn er af gerðinni Peterbilt Model 386 Hybrid 8 Class. Honum er ætlað að spara 9.000 dollara á ári eða tæpar 570 þúsund krónur í eldsneytiskostnað.

Tvinnkerfið var hannað ef Eaton og virkar eins og hefðbundin tvinnkerfi, það er orkan sem fer í að bremsa er virkjuð og geymd í rafgeymum. Það gefur bílnum aukið tog auk þess að öll rafkerfi eru knúin með þessari orku.









# Fyrsti Íslands-Zetorinn gerður upp á Hvanneyri

Á Búvélasafninu á Hvanneyri er verið að gera upp sögufræga Zetor-dráttarvél. „Þessi vél var lengst af á Mýrum í Vestur-Húnavatnssýslu. Bændur þar héldu vel utan um traktorinn og hófu á honum uppgerð en létu síðan safnið hafa hann. Hann hefur verið í viðgerð hjá okkur um nokkra tíð. Hann er orðinn vel gangfær og er að taka á sig fyrri mynd,“ segir Bjarni Guðmundsson hjá Búvélasafninu á Hvanneyri.

Við þetta verk hefur Búvélasafnið meðal annars notið stuðnings Vélavers hf., er selt hefur urmul Zetor-dráttarvéla í gegnum tíðina. Þetta er fyrsta dísil-heimilisdráttarvélin sem til kom hingað til lands, en hún er af árgerð 1948. Zetorinn mun nú brátt fá sæti meðal annarra sögufrægra gripa Búvélasafnsins.

Bjarni segir mikla vinnu hafa verið að útvega varahluti til viðgerðarinnar. „Zetorinn og aðrir austantjaldstraktorar hafa ekki náð inn í þessa vinsældabylgju Vestur-Evrópu í sambandi við uppgerð og alla þessa nostalgíu í sambandi við forndráttarvélar. Það er því erfiðara að finna varahluti. Það eru þó í honum klassískir hlutir eins og olíuverk frá Bosch. Við fengum einn gamlan Zetor sem við gátum notað hluti úr og kunningi okkar Óskar Alfreðsson, vélasafnari mikill, hefur verið okkur innan handar um ýmsa hluti. Svo skipti sköpum hversu vel hann var farinn og það hefur auðveldað alla uppgerðina.“ *- öhö*


Haukur Þórðarson og Jóhannes Ellertson við Zetor-dráttarvélina.





Ágúst J. Schram stendur ásamt samstarfsfélaga sínum Gísla Ólafssyni innan um nokkrar af þeim vinnuvélum sem Vélar og þjónusta bjóða upp á. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Áratuga reynsla af vinnuvélum

**Ágúst J. Schram hjá Vélum og þjónustu hefur áratugalanga reynslu af vinnuvélum.**

„Í þeirri deild sem ég stýri, sem er vinnuvéladeildin, er áherslan núna á danskar vinnuvélar sem heita Hydrema,“ segir Ágúst J. Schram hjá Vélum og þjónustu. „Þeir framleiða traktorsgröfur, hjólaskóflur, hjólavélar og beltagröfur sem eru taldar með þeim bestu á markaðnum. Þær eru framleiddar í Danmörku og Þýskalandi. Svo erum við byrjaðir að selja litla dumpera, sem eru litlir flutningabílar sem eru skráðir sem vinnuvélar en uppfylla öll skilyrði til að keyra á götum, sem er mikill kostur. Aðrir svona dumperar eru námubílar sem mega bara vera á afmörkuðum vinnusvæðum en þessir mega keyra um götur að vild.“

Í fyrra hófu Vélar og þjónusta að selja kínverskar mini-gröfur sem heita Yuchai og segir Ágúst söluna hafa farið vel af stað. „Það er einn stærsti smávinnuvélaframleiðandi í Kína sem framleiðir þessar gröfur og við seldum fjörutíu vélar á síðasta ári. Þær eru á hagstæðasta verði sem gerist á smágröfum í dag. Síðan erum við með vinnuvélar frá Ítalíu sem heita Venieri. Þeir framleiða bæði traktorsgröfur og hjólaskóflur.“

Ágúst hefur unnið við vinnuvélar frá 1966 og býr því að mikilli reynslu. „Ég kláraði nám í járnsmíði og fór í framhaldi af því að vinna hjá Globus. Ég hef unnið í þessu fagi bæði hér á landi sem erlendis og það er orðið margt sem maður hefur fengist við.“


Hydrema eru danskar vinnuvélar.

Vélar og þjónusta er núna í eign Kaupþings. „Það má segja að það sé gamalt nafn á nýjum grunni. Fyrirtækið hefur verið með starfsemi sem spannar þrjátíu ár í sölu og þjónustu véla og tækja. Í september 2004 varð fyrirtækið gjaldþrota og ákvaðu lánardrottnar fyrirtækisins að endurreisa það og byggja upp öflugt fyrirtæki sem þjónustar landbúnað, byggingа- og jarðvinnuiðnað og flutningaiðnað.“

Ágúst segir fyrirtækið einnig öflugt á sviði landbúnaðar. „Við erum með heimsþekkt merki á borð við McCormick traktora, heyvinnuvélar frá Krone og rúlluvélar sem heitra McHale. Við erum einnig með haugsugur og rúllubaggaplast. Bændur geta því nálgast helstu búvélar hjá okkur á góðu verði og við þjónustum allt landið.“ *- öhö*


Vélar og þjónusta bjóða upp á margar tegundir af vinnuvélum.

hreinsivélar 1998

Skútuvogi 6 Sími 567-9050 www.hreinsivelar.is

FACTORYCAT





**Í Factory Cat vélunum sameinast hámarks ending og lágmarks viðhald**



Ryksugumótorar



Illgresið burt



Padsar og burstar



Mótora í allar týpur af iðnaðarryk-sugum sem þekkjast á landinu



Hreinsar illgresið án aukaefna. Umhverfisvæn og einföld lausn



Alhliða burstar, fáanlegt í allskyns grófleikum

ÞRÓTTUR 577-5400

# Þekking • Reynsla • Traust þjónusta

**Vörubílastöðin Þróttur býður fjölbreytta þjónustu og ræður yfir stórum flota atvinnutækja til margvíslegra verka.**

- Hefðbundnir vörubílar.
- Dráttarbílar með malarvögnum.
- Allar stærðir kranabíla með eða án flatvagna.
- Fjölmargar gröfur frá þeim minnstu upp í 45 tonna tæki.
- Fáðu gott tilboð í jarðvinnuframkvæmdir eða flutning hjá félögum Þróttar.



















**Vörubílastöðin Þróttur • Sævarhöfða 12 • Sími 5775400 • throttur.is**

NOTUÐ TÆKI


MAN 9150 - Árgerð 1991


Bens Atego 12.28 - Árgerð 2001


VW LT46 - Árgerð 2003


VW LT35 - Árgerð 2004



Volvo FM7 - Árgerð 2001

VÉLAVER HF
Sími 588 2600
www.velaver.is


# Sextíu ára farsælt samstarf

**Í sumar eru sextíu ár liðin frá því að Sigfús Bjarnason í Heklu hóf að flytja inn Caterpillar-vinnuvélar. Ásmundur Jónsson, framkvæmdastjóri vélasviðs Heklu, segir þar hafa verið lagðan grunn að starfi fyrirtækisins í dag.**


Caterpillar-vinnuvélar hafa verið seldar hjá Heklu í sextíu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

„Það má segja að þetta samstarf Heklu og Caterpillar sem hófst fyrir sextíu árum hafi lagt grunninn að þeirri starfsemi Heklu sem við þekkjum í dag," segir Ásmundur Jónsson, framkvæmdastjóri vélasviðs Heklu. „Sigfús Bjarnason stofnaði fyrirtækið árið 1933 og það hafði meðal annars flutt inn ávexti frá Spáni, opnaði raftækjaverslun og setti á fót vinnufataverksmiðju. Árið 1947 fékk Hekla umboð fyrir Caterpillar-þungavélar og Kenwood-heimilistæki og fimm árum síðar hóf Hekla innflutning á Volkswagen-bifreiðum og Goodyear-hjólbörðum. Þarna er upphafið að því að Hekla fer að þróast í þá veru sem fyrirtækið er nú." Ásmundur segir komu Caterpillar til Íslands hafa verið mikla byltingu. „Það höfðu auðvitað verið fluttar inn vinnuvélar til Íslands um árabil, en það er samt óhætt að segja að innflutningurinn á Caterpillar hafi verið upphaf að einhverju öðru og meiru á því sviði. Samstarf Heklu og Caterpillar var það þriðja af þessu tagi sem Caterpillar kom að og Hekla er því eitt þeirra fyrirtækja sem Caterpillar hefur unnið lengst með."


Ásmundur Jónsson segir að grunnurinn að starfsemi Heklu hafi verið lagður fyrir sextíu árum.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan fyrsta vélin kom hingað til lands. Á landbúnaðarsafninu á Hvanneyri má sjá þróun Caterpillar-vélanna en þar eru margar vélar frá ýmsum tímabilum til sýnis.

„Til að fagna þessum tímamótum ætlum við að vera með opið hús þar sem verður hægt að skoða allt frá mini-gröfum og upp sextíu tonna jarðýtur. Þá bjóðum við upp á ökuleikni, gröfuleikni þar sem menn keppa í tækni og leikni og loks verður keppt í færni á Caterpillar-lyfturum. Við vonumst bara til að fá sem flesta í heimsókn til okkar 2. júní." -öhö


Fáðu þér sæti



Óbreytt verð í 5 ár
kr. 12.960 m/vsk

Fleiri gerðir á lager

Poulsen
partur af lífinu

Skeifan 2 108 Reykjavík
S: 530 5900 Fax: 530 5910
www.poulsen.is



Hrafn Hrafnsson framkvæmdastjóri Þórs segir bændur fljóta að tileinka sér nýjungar. FRÉTTABLAÐIÐ/INGÓLFUR SIGFÚSSON

# Íslenskir bændur eru nýjungagjarnir

**Fyrirtækið Þór er með starfsemi bæði á Akureyri og í Reykjavík.**

„Þór á að baki langa sögu en fyrirtækið hefur starfað í nálægt hálfa öld. Við erum búin að vera með starfsemi hér á Akureyri síðan í kring um 1990," segir Hrafn Hrafnsson, framkvæmdastjóri Þórs á Akureyri. „Við seljum Kubota og Deutz-Fahr dráttarvélar. Kubota eru nýlega farnir í landbúnaðartækin en hafa getið sér gott orð í vélum fyrir bæjarfélög og verktaka um árabil. Þetta er japanskar vélar og þykja mjög góðar. Síðan erum við með Deutz-Fahr vélarnar sem eru vel þekktar og rótgrónar á markaðnum. Þetta eru háþróaðar vélar og hafa framan af verið í dýrari kantinum en við höfum náð góðum árangri í verðum."

Hrafn segir stöðuga þróun vera í dráttarvélum. „Nú eru farnar að koma sjálfskiptar vélar sem eru að verða vinsælli. Þá er að færast í vöxt að í vélunum sé tölvustjórnun, bæði til að stýra afli og eyðslu mótorsins og einnig til að stýra aflinu út í hjólin til að ná sem mestri nýtingu. Þá eru stýrishúsin stöðugt að verða betri."

Hrafn segir bændur á Íslandi duglega að uppfæra vélakost sinn. „Það er algengt að aðal vél búsins sé ekki eldri en þriggja ára og eru eldri vélarnar notaðar sem hliðarvélar. Íslenskir bændur eru fljótir að tileinka sér nýjungar á þessu sviði sem og öðrum." -öhö



Tryggvi Aðalsteinsson stendur stoltur á vagninum, sem getur flutt túrbínur og generatora upp á 25 tonn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Bylting í þunga-flutningum

Fyrirtækið Einar og Tryggvi hefur starfað allt frá árinu 1979, en það var stofnað af þeim Einari J. Gíslasyni og Tryggva Aðalsteinssyni sem eru eigendur fyrirtækisins. Fyrirtækið bætti í fyrra enn einni skrautfjöður í hatt sinn þegar þeir félagar fjárfestu í þungaflutningavagni sem er með mestu burðargetu sem þekkist hérlendis.

„Við keyptum í fyrra þungaflutningavagn frá Þýskalandi og það má segja að hann hafi valdið byltingu í starfsemi okkar. Burðargeta vagnsins er yfir 200 tonn en það er það mesta hér á landi. Við höfum verið að flytja allar túrbínur og generatora í virkjanir á þessum vagni,“ segir Tryggvi Aðalsteinsson, annar stofnenda fyrirtækisins. „Vagninn er mjög lipur, beygjanlegur á öllum hjólum og hæð og hliðarhalli stillanleg. Hver öxull hefur burðargetu upp á 25 tonn en það eru 64 hjól undir honum og átta hjól í hverri línu.“

Þessi vagn bætist í flóru tækja þeirra félaga sem samanstendur meðal annars af stórvirkum gröfum, jarðýtum, traktorgröfum og völturum.



Vagninn er á 64 hjólum og er mikil búbót fyrir fyrirtækið Einar og Tryggva.

## ● TVINNSTRÆTÓ FRÁ SCANIA

Nýr hugmyndastrætisvagn frá Scania var kynntur á samgönguráðstefnunni í Helsinki í mánuðinum. Strætisvagninn er tvinnbíll sem gengur bæði fyrir etanóli og rafmagni.




Vagninn skilar allt að níutíu prósentum minna af koltvísýringi út í andrúmsloftið en hefðbundnir strætisvagnar og hann eyðir sömuleiðis 25 prósentum minna eldsneyti.

„Að gera almenningssamgöngur hagkvæmari og draga að fleiri farþega er besta leiðin til að fást við umferðarþunga og mengun í borgum. Hinn nýi hugmyndabíll Scania, með lágu gólfi, stórum dyrum, nægu plássi og sjálfvirku miðakerfi, er stórt skref í þá átt,“ sagði Hasse Johansson, varaformaður rannsóknadeildar Scania, er strætisvagninn var kynntur.








NOTUÐ TÆKI



Renault Master - Árgerð 2001



Renault Kangoo - Árgerð 2000



IVECO EuroTrakker
Árgerð 2004



JCB JS330LC - Árgerð 2005



JCB JS330LC - Árgerð 2003

VÉLAVER HF
Sími 588 2600
www.velaver.is

# Ýmsar leiðir færar í fjármögnun

**SP-Fjármögnun býður ýmsar leiðir í fjármögnun vinnuvéla. Jón Ragnarsson ráðgjafi segir það metnað fyrirtækisins að bjóða upp á hraða og góða þjónustu.**

„Með fjármögnun hreyfir þú ekki við daglegu flæði fjármagns í fyrirtækinu. Það er hægt að hafa fjármögnunina í erlendri mynt og einnig má hafa greiðslur í samræmi við innkomu. Það hentar vel fyrirtækjum sem eru með árstíðabundna innkomu,“ segir Jón.

Boðið er upp á tvær meginleiðir í fjármögnun. „Annars vegar bjóðum við upp á eignaleigu. Þá erum við skráð sem eigandi að tækinu á samningstímanum en lántakandi skráður sem umráðamaður. Eignarétturinn færist yfir í lok samningstímans. Umráðamaður sér alfarið um tækið á samningstímanum og hugsar um það eins og hann eigi það.“ Jón segir einnig boðið upp á fjármögnunarleigu. „Þetta snýst aðallega um mun á því hvernig þetta er gert skattalega séð. Í kaupleigu má eignfæra og afskrifa með vanabundnum hætti en í fjármögnunarleigu afskrifar þú leigugreiðslur.“

Jón segir þessa þjónustu mjög vinsæla „Við erum að lána á allan skalann, frá smáum til stórra fyrirtækja, og við erum að lána fyrir allt frá litlum tækjum upp í tæki sem kosta hundruð milljóna. Við skoðum hvern umsækjanda fyrir sig og leggjum metnað okkar í að vera fljót að afgreiða umsóknir. Við miðum við sólarhring, nema um mjög háar upphæðir sé að ræða.“

-öhö



Boðið er upp á tvær meginleiðir í fjármögnun; eignaleigu og kaupleigu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON






**● ROLLSINN Í SLÁTTUVÉLUNUM**

Fyrir þá sem vilja fara alla leið í garðverkunum dugar ekkert minna en sláttutraktor. Reyndar eru þeir þarfaþing á stórum lóðum þar sem grasflæmi er mikið og svo er alltaf gaman fyrir tækjadellufólk að hafa einn traktor í bílskúrnum.

Einn sá öflugasti sem fæst hér á landi er Murray model 425640. Hann er átján hestöfl, með tveimur sláttuhnífum og hristivörn. Hann er einnig með beygjur bæði á fram- og afturhjólum þannig að hann getur snúið við á punktinum. Það þýðir að hann getur slegið í kringum tré án teljandi erfiðleika.

Traktorinn kostar 395.814 kr. í Hvelli en nú er hann auglýstur á tíu prósent afslætti og kostar hann þá 356.233 kr. Fjölmargir aukahlutir eru fáanlegir, þar á meðal snjóblásari.

Vökvadælur
Vökvamótorar
Stjórnbúnaður

SAUER DANFOSS
What really matters is inside

Danfoss hf Skútuvogi 6 • 104 Reykjavík • Sími 510 4100 • www.danfoss.is



Agnar Hjartar með eitt af sætunum sem starfsmenn vinnuvéla eru þakklátir fyrir.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Það skiptir máli að hafa gott sæti

**Fyrirtækið Poulsen hf. flytur inn sæti í flestar gerðir vinnuvéla. Agnar Hjartar hjá Poulsen segir miklu skipta að sitja í góðu sæti þegar unnið er lengi á vélum.**



„Við erum að selja sæti í flestar dráttarvélar og menn hafa notað sætin í aðrar vélar líka. Það skiptir ekki máli hvað vélin heitir eða hversu stór hún er, það er með lítilli fyrirhöfn hægt að setja þau í flestallar vélar,“ segir Agnar Hjartar hjá Poulsen hf. „Við byrjuðum að flytja sætin inn árið 2002 þegar við fórum að leggja meiri áherslu á þjónustu við landbúnað. Þá höfum við verið að selja sætin í vörulyftara og báta. Við kaupum sætin inn frá Bretlandi frá fyrirtæki sem heitir Sparex. Við höfum verið að selja mikið af sætum í gamlar opnar vélar. Það eru vínylsæti sem þola vel bleytu. Ég er búinn að selja rúmlega þrjúhundruð þannig sæti á síðustu fimm árum og það er gaman að segja frá því að við erum búin að vera með þau á sama lága verðinu öll fimm árin.“

Agnar segir það skipta miklu máli að vera með góð sæti í vinnuvélunum, þar sem menn sitji þar oft klukkutímum saman.

„Við erum með margar stærðir, bæði með og án arma og höfuðpúða. Þau eru einnig til með tauáklæði og vínyl og hægt er að velja úr nokkrum litum þótt svörtu sætin séu alltaf langvinsælust. Það er hægt að fá þau í bláu og jafnvel gulu ef menn vilja vera litskrúðugir. Í þessar gömlu vélar eins og Ferguson vilja menn hins vegar hafa þau svört eins og þau voru upphaflega.“

*- öhö*







# Tækninýjungar og þægindi

Vélaver kynnti nýlega til sögunnar nýju New Holland T6000 línuna í dráttarvélum en hún er hlaðin tækninýjungum og þægindum fyrir ökumanninn.

Kjartan Sveinsson, sölumaður hjá Vélaveri, segir vélina öflugri en áður hefur verið og koma mjög vel út í sölu. „Þetta er ný lína í vökvaskiptivélum,“ segir Kjartan og bætir því við að vélin sé með 4,5 lítra mótor, sextán ventla með common raileldsneytiskerfi. „Hún er með aflauka sem eykur afl mótorsins um allt að 20 prósent þegar unnið er með aflúttakinu og í akstri frá 10.-16. gír en hægt er að fá vélina með 101-141 hestafli.“

Kjartan segir vélina vera með 2x8 þrepa vökvaskiptingu og háu og lágu drifi. „Svo er hún með 17. gírinn sem yfirgír en hann er sparakstursgír,“ segir hann og bætir því við að vélin sé með rafstýrðu beisli og stjórnrofa fyrir hífingu á báðum afturbrettum en lyftigetan er allt að 7.860 kíló.

„Vélin er á mjög stórum dekkjum og rafstýrðri 100 prósenta vökvadriflæsingu á öllum hjólum,“ segir Kjartan og nefnir loks ökumannshúsið, sem er sérlega vel útbúið. „Það er með 71 desibela hljóðeinangrun, loftpúðasæti með 18° snúningi og stafrænu mælaborði. Þá er loftkæling í húsinu og bólstrað farþegasæti með háu baki og öryggisbelti,“ segir Kjartan að lokum um nýju T6000 vélina frá New Holland.



**Nýja New Holland T6000 dráttarvélin er hlaðin tækninýjungum.**
FRÉTTABLAÐIÐ/INGÓLFUR SIGFÚSSON



**Halldór segir margt mæla með því að leggja línur í jörð.** MYND/INGÓLFUR SIGFÚSSON

# Línan lögð í jörð

**Margir kostir eru við að leggja línu í jörð. Það er bæði snyrtilegra og öruggara.**



**Hér vinnur Halldór að lagningu lína skammt frá Laugum í Reykjadal.**

Halldór Baldursson rekur Vélaleigu HB á Akureyri en fyrirtækið hefur mikla reynslu af því að plægja fyrir og leggja línur í jörð.

„Ég er mest í kapallögnum, að plægja niður háspennulínur, ljósleiðara og hitaveitulagnir,“ segir Halldór. „Þá erum við með gröfur, bæði litlar og stórar, sem við förum með í almenna gröfuvinnu. Við förum í verkefni um allt Norðausturland en gerum út frá Akureyri.“

Halldór segir nóg að gera í plægingum. „Við erum búin að vera með þennan rekstur í tuttugu ár en byrjuðum í plægingunum fyrir um sextán árum. Það eru mörg verkefni í plægingunum og þær hafa verið uppistaðan hjá okkur undanfarin ár. Eftir mikið ísingaveður árið 1991 jókst mjög að háspennulínur væru lagðar í jörð. Þetta var geysilegt neyðarástand og kostaði mikið. Með því að leggja línurnar í jörð heyra þessar vetrarbilanir sögunni til.“

Halldór segir marga kosti við að leggja línur í jörð. „Það er miklu snyrtilegra að grafa línurnar í jörð í stað þess að láta þær valda sjónmengun. Það er líka varanlegri frágangur. Við höfum mikið verið að vinna fyrir rafmagnsveiturnar, símann og hitaveitur hér á svæðinu.“ *- öhö*




SKF
... ekki bara legur !!
DRIFKEÐJUR
VERKFÆRI
REIMAR
ÁSTENGI
TANNHJÓL
REIMSKÍFUR
KLEMM-
FÓÐRINGAR
LANDVÉLAR
Smiðjuvegi 66 - 200 Kópavogi
www.landvelar.is S. 580 5800
STRAUMRÁS
Furuvellir 3 - 600 Akueyri - S. 461 2288

Developed with

Shell

# V-Power

## Þróað með Ferrari

Upplifðu ánægjuna sem fylgir eldsneyti
sem þróað er í samstarfi við Ferrari.




Made to move



# ...ð milli ára

...ð fellur um þrjú sæti milli ...rmir nú það sjöunda. *Óli* ...rigði þættu að falla svona ...eness Scoreboard 2007.

**„Verðbólga hefur lengi verið of há lengi og þó svo að einhverjir vankantar séu í mælingu á viðskiptahallanum er undirliggjandi viðskiptahalli of mikill. Hann ógnar hér stöðugleika, stöðu krónunnar og kaupmætti.“**

ofan af framleiðsluspennu því landið standi vel í ýmsum langtímaþáttum. „Mikilvægt er að halda áfram á braut efnahags- og skattalegra framfara því langtímabyr sem við höfum notið á þessum lista má að miklum hluta rekja til þeirra grundvallarbreytinga sem hér hafa verið gerðar. Þótt við föllum um þrjú sæti nú viljum við helst horfa til langtímaþróunarinnar. Hún virðist jákvæð og við höfum fest okkur í sessi í efstu tíu sætunum.“

### ÁSTÆÐA LÆKKUNARINNAR ER ÁHYGGJUEFNI

„Gaman er að sjá hversu talnasamanburður getur verið góður til að meta stöðu einstakra hagkerfa og í þessu tilviki samkeppnishæfnina. Úr þessu má í raun lesa séreinkenni hvers lands,“ segir Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningardeildar Glitnis. „Og það á ekki síst við um íslenska hagkerfið, sem hefur mörg séreinkenni í samanburði við hagkerfin í kring.“

Ingólfur segir hins vegar ástæðu lækkunar landsins á lista IMD nú vera áhyggjuefni og í raun veruleg vonbrigði. „Það er þessi mikla þensla sem undanfarið hefur grafið um sig í íslensku efnahagslífi og ekki að ástæðulausu sem þessir þættir vega þungt í mælingu IMD og draga okkur niður. Ójafnvægi, verðbólga, háir vextir, viðskiptahalli – allir þessir þættir eru til þess fallnir að draga úr vexti til lengri tíma.“ Hann bendir á að frá því hér var tekið upp verðbólgumarkmið árið 2001 hafi verðbólga nánast allan tímann verið yfir verðbólgumarkmiði Seðlabankans. „Þetta er náttúrlega algjörlega óviðunandi og nokkuð sem taka þarf á með það að markmiði að bæta samkeppnisstöðuna.“ Á móti segir Ingólfur sigur að vera jafnhátt á listanum og raun ber vitni. „Það er kannski til marks um hvað maður er litaður af pólitískri umræðu undanfarið að sjá í ósigri þessarar lækkunar sigur.“

Ingólfur segir hins vegar að í lækkuninni nú, ósigrinum, endurspeglist vandi sem hafi verið viðvarandi. „Verðbólga hefur verið of há lengi og þó svo að einhverjir vankantar séu í mælingu á viðskiptahallanum er undirliggjandi viðskiptahalli of mikill. Hann ógnar hér stöðugleika, stöðu krónunnar og kaupmætti. Á þessu þarf að taka, eins og Viðskiptaráð bendir réttilega á, með samræmdri fjármála- og peningamálastefnu, en það hefur hún ekki verið undanfarið og við séð allt of mikið hvíla á herðum Seðlabankans. Hann er með stýrivexti sína í 14,25 prósentum, en það er gríðarlega hátt í samanburði við það sem gengur og gerist í löndunum í kringum okkur.“ Á sama tíma segir Ingólfur ríkið og sveitarfélögin hafa sýnt eitthvað aðhald, þótt það hafi ekki verið nándar nærri nógu mikið. „Efnahagssamþættingin hefur raunar verið þannig að hún hefur fremur kallað á aðhald í opinberum rekstri en í peningamálastefnu. Það er leiðin til að taka á svona uppsveiflu sem kemur inn í hagkerfið í formi eftirspurnar, kemur inn í viðskiptahallann. Eina góða leiðin til að taka á þessu er í gegnum fjármálastjórnina og þar hefðu menn getað gert miklu betur.“

Ingólfur segir áhugavert þegar rýnt er í niðurstöður könnunarinnar að þar sjáist að við þolum hér mun betur verðbólgu en atvinnuleysi. „En sigur okkar í atvinnumálum endurspeglast í ósigri okkar á sviði stöðugleika. Í nýlegri spá Seðlabankans kemur fram að verðbólgumarkmið náist að lokum en ráð fyrir því gert að atvinnuleysi aukist upp í fjögur til fimm prósent. Það þótti mönnum mikil svartsýnisspá, jafnvel mun svartsýnni spá en þegar gert var ráð fyrir sex til sjö prósenta verðbólgu, og tel ég það nokkuð lýsandi fyrir hugsanaganginn.“

Sigurinn í niðurstöðunum segir Ingólfur að nokkru endurspeglast í þeirri alþjóðavæðingu sem hér hefur átt sér stað. „Hún hefur kannski að nokkru fallið í skuggann af þeirri iðnvæðingu sem hér hefur átt sér stað í kringum álframkvæmdir, en hún er ekki síður merkileg og jafnvel mun merkilegri en þessar stóriðjuframkvæmdir allar.“ Hann bendir á gríðarlega fjárfestingu erlendis, en þar sé leið okkar fyrirtækja til vaxtar úr litlu hagkerfi. „Þar er leiðin til að dreifa áhættunni frá þessu sveiflukennda hagkerfi sem við búum við og leið til að nýta hér betur mannauð og fjármagn en verið hefur. Þetta held ég að hafi allt gengið eftir og skilað okkur stórum hluta af hagvextinum sem við höfum búið hér að.“

Á móti segir Ingólfur útlendinga hafa fest hér fé. „Að stórum hluta er það í lágri raforku og svo í háum vöxtum. Maður hefði viljað sjá þá inn á fleiri sviðum og sem betur fer hefur það líka verið að gerast, svo sem með aðkomu erlendra aðila að hátæknifyrirtækjum á borð við Marel og Össur. Svo hafa þeir verið að undanförnu að kaupa sig inn í mannauðsfyrirtæki, svo sem Kaupþing og Glitni og að einhverju leyti inn í Landsbankann,“ segir hann og telur að merkja megi aukinn áhuga erlendra fjárfesta. „En í þessu er krónan hindrun eins og oft hefur verið bent á. Þetta er smæsta myntsvæði heims með fljótandi gengi og verðbólgumarkmið, tilraun sem maður veit svo sem ekki hvort gengur upp, en er klárlega hindrun sem endurspeglast í að krónan fælir erlenda fjárfesta frá. Samkeppnishæfnin felst hins vegar í að laða til sín fjárfesta og að ganga vel í þessum viðskiptum.“

Ingólfur segir ljóst að þótt smæðin dragi landið niður í samkeppnishæfni sé hún um leið lykilþáttur í hversu sveigjanlegt hagkerfið sé, auk þess sem hér sé mikill frumkvöðlaandi. „Hann er áberandi mikill hér og kannski sérstaklega í samanburði við önnur Evrópulönd. Hér erum við tilbúin að láta reyna á okkar viðskiptahugmyndir.“

## Umbótahagkerfin eru í sókn

Umbótahagkerfi heimsins sækja á Bandaríkin hvað samkeppnishæfni varðar. Þetta er ein helsta niðurstaða samanburðarrannsóknar IMD-viðskiptaháskólans í Sviss sem kynnt var í síðustu viku. Um leið kemur fram að heimshagkerfið hafi sjaldan verið í jafnmikilli uppsveiflu því samdrátt sé ekki að finna nema hjá einu af þeim 55 löndum sem borin eru saman.

Bandaríkin tróna enn á toppi listans sem „samkeppnishæfasta hagkerfi heims“ og byggir sú niðurstaða á getu hagkerfisins til að búa til og viðhalda umhverfi sem styður við samkeppnishæfni fyrirtækja. Engu að síður sækir fjöldi landa hratt á og nálgast samkeppnishæfustu hagkerfin. Þar á meðal eru nefn lönd á borð við Indland, Kína, Rússland, Slóvakíu og Eistland.



STEPHANE GARELLI

Í skýrslunni er þannig varað við því að uppgangur „nýrra“ hagkerfa kunni að leiða af sér viðskiptahamlandi viðbrögð meðal vestrænna þjóða. Haft hefur verið eftir prófessor Stepane Garelli við IMD, sem einnig stýrir samkeppnisrannsóknamiðstöð skólans, að verndunartilburðir kunni að verða „látlausari“ en áður og það þurfi að varast. Þar segir hann lykilorðin vera „lagaumhverfi fyrirtækja, umhverfisvernd, höfundarrétt og félagsleg réttindi“. Spáir hann því að frá og með þessu ári kunni efnahagssamskipti þjóðríkja að stífna eftir því sem „nýmarkaðirnir“ verði að „nýveldum“ og breytingar verði á þeirri skipan sem þekkst hefur í samkeppnishæfni landa.

### INNVIÐIR SAMFÉLAGSINS

**Mæling á hversu vel grunnþjónusta, tæknistig og mannauður henta viðskiptaumhverfinu.**




### SKILVIRKNI VIÐSKIPTALÍFSINS

**Mæling á að hversu miklu leyti fyrirtæki starfa á nýjungagjarnan, hagkvæman og ábyrgan máta.**




(Í sviga er staðan frá því í fyrra) Heimild: IMD World Competitiveness Yearbook 2007

### SKILVIRKNI OPINBERRAR STJÓRNSÝSLU

**Mælir hversu vel hið opinbera stuðlar að samkeppnishæfu viðskiptaumhverfi.**




(Í sviga er staðan frá því í fyrra) Heimild: IMD World Competitiveness Yearbook 2007

### EFNAHAGSLEG FRAMMISTAÐA

**Mat á stöðu þjóðhagkerfis hvers lands.**




(Í sviga er staðan frá því í fyrra) Heimild: IMD World Competitiveness Yearbook 2007

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Neikvæð umræða um íslenskt efnahagslíf skilaði aukinni þekkingu.

# Krísan sem færði okkur í kastljósið

**Hafliði Helgason**

Fundur Glitnis þar sem Gregory Miller kynnti rannsókn sína á viðbrögðum bankans við neikvæðri umræðu um íslenskt efnahagslíf og bankana í fyrra var afar athyglisverður.

Með samstilltu átaki tókst að hrinda því áhlaupi sem gert var á bankana og efnahagskerfið fyrir rúmu ári. Vissulega var hægt að tína til eitt og annað sem var gagnrýnivert hjá bönkunum og þá ekki síður í stjórn efnahagsmála. Hins vegar var meginþungi gagnrýninnar og sá hættulegasti byggður á misskilningi og vanþekkingu og í sumum tilvikum læðist að manni sá grunur að um hreinan illvilja hafi verið að ræða. Stærsta hættan sem vofði yfir var sú að hver æti vitleysuna upp eftir öðrum og úr yrðu hrakspár sem uppfylltu sig sjálfar með hræðslu á markaði. Slíkt getur gerst.

Þeir aðilar sem best stóðu sig í umræðu síðasta árs voru Viðskiptaráð Íslands og Glitnir. Þessir aðilar eiga mikinn heiður skilinn fyrir að hafa gripið til aðgerða sem efldu skiljanlega upplýsingagjöf til erlendra aðila. Skýrsla Frederic Mishkin og Tryggva Þórs Herbertssonar um fjármálastöðugleika á Íslandi var vendipunktur sem hratt brott minni hagspámönnum sem vildu mála skrattann á vegginn.

**Full ástæða er til að taka undir brýningu Bjarna um að yfirvöld og hagsmunaaðilar vinni með skipulegum hætti að því að kynna hagkerfið og viðskiptalífið á alþjóðavettvangi og segja sögu okkar. Kannski væri Bjarni maðurinn til að ýta slíku úr vör, en hann er milli vinna þessa daganna og því kraftar hans, þekking og reynsla mögulega í boði.**

Glitni tókst að nýta athyglina til að kynna bankann verulega erlendis og síðar fylgdu hinir bankarnir í kjölfarið og má í raun segja að þegar upp sé staðið séu bankarnir með mun vænlegri stöðu á alþjóðamörkuðum en áður. Bæði eru þeir þekktari og einnig gripu þeir til ráðstafana til að bregðast við gagnrýni.

Þau viðbrögð voru mikilvæg, ekki vegna þess að þar hafi verið um stórvægilega gagnrýni að ræða, heldur var nauðsynlegt að hörðustu gagnrýnendurnir fengju jarteikn til að geta hnarreistir bakkað út úr eigin spuna. Hversu ósanngjarnir þeir voru á köflum breytir ekki þeirri staðreynd að þeir höfðu áhrif á skoðanir á markaði. Skynsamleg auðmýkt var kannski stærsti lærdómur þessa óveðurs.

Bjarni Ármannsson, fráfarandi forstjóri Glitnis, benti á annað atriði sem mikilvægt er að horfa til. Það er mikilvægi þess að fylgja eftir þeim árangri sem náðist í vörninni til frekari sóknar. Enn eru á sveimi sögusagnir byggðar á ranghugmyndum um íslenska efnahagsundrið. Full ástæða er til að taka undir brýningu Bjarna um að yfirvöld og hagsmunaaðilar vinni með skipulegum hætti að því að kynna hagkerfið og viðskiptalífið á alþjóðavettvangi og segja sögu okkar. Kannski væri Bjarni maðurinn til að ýta slíku úr vör, en hann er milli vinna þessa daganna og því kraftar hans, þekking og reynsla mögulega í boði.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markaðurinn.is | olikr@markadurinn.is

8 ALLRA ÁTTA VEFSÍÐUFYRIRTÆKI



„Vegir liggja til ...Allra Átta!"

www.8.is

→ Vefsíðuhönnun → A8 Vefumsjón → Ráðgjöf

Allra Átta ehf. • Skútuvogur 1e • 104 Reykjavík • Sími: 588 8885 • Netfang: 8@8.is • Veffang: www.8.is

# Af sköttum

ORÐ Í BELG



**Jafet S. Ólafsson,** framkvæmdastjóri Veigs fjárfestingafélags

Ríkisstjórnin sem nú er að kveðja vann mörg ágætisverk. Það sem stendur upp úr er að íslenskt atvinnulíf hefur aldrei verið öflugra. Aðilar í íslensku viðskiptalífi minnast þessarar ríkisstjórnar efalaust fyrst og fremst fyrir þrjá hluti:

1. Mikla einkavæðingu
2. Einfaldara og skilvirkara kerfi varðandi fjármagnsflutninga.
3. Lækkun skatta

Lækkun skatta hefur komið flestum til góða og samt hefur ríkissjóður aldrei fengið meira af skatttekjum en undanfarin ár. Öll viljum við réttlátt skattakerfi og að skattkerfið sé ekki letjandi hvorki fyrir einstaklinga né fyrirtæki. Samt eru stöðugt meiri kröfur gerðar á hið opinbera með útgjöld og má þar nefna heilbrigðis- og menntakerfið. Fyrirtæki hafa margfaldað skattgreiðslur sínar þó skattur hafi lækkað úr allt að 45% fyrir um 8 árum í 18%. Árið 2000 var tekjuskattur fyrirtækja 9 milljarðar, en á síðasta ári var hann sennilega um 35 milljarðar.

Þaki af fjármagnstekjuskatti var lyft fyrir nokkrum árum og nú er enginn í eltingaleik við að stofna eignarhaldsfélög erlendis til að komast hjá greiðslu fjármagnstekjuskatts á Íslandi. Ísland er mjög samkeppnisfært þegar kemur að skattaumhverfi og ljóst er að það var hárrétt ákvörðun að lækka skatta.

Útrás íslenskra fyrirtækja hefur aldrei verið meiri og enn á eftir að bætast þar við, fyrirtækin eru með tugþúsundir erlendra aðila í vinnu. Móðurfyrirtæki þessara fyrirtækja eru skráð á Íslandi og greiða þangað megnið af sínum sköttum. Nýlega upplýsti eitt ágætt fjármálafyrirtæki þegar það kynnti afkomu sína fyrstu þrjá mánuði ársins að 80% hagnaðar hefðu komið af starfsemi erlendis. Eins og flestir vonandi vita eru skattar fyrirtækja reiknaðir af hagnaði. Ríkissjóður hefur uppskorið vel af íslensku útrásinni.

Ný ríkisstjórn sem nú er að taka völdin ætti að hafa þessa reynslu að leiðarljósi, lækkun skatta um einhver prósent, myndi skila meiri tekjum.

Við vinnum í alþjóðlegu umhverfi, fyrirtæki leita í besta skattalega umhverfið. Mörg íslensk fyrirtæki eru með meira en 90% af sínum tekjum erlendis frá, en eru að meirihluta í eigu Íslendinga og stjórnað af Íslendingum að stærstum hluta.

Enginn stjórnmálaflokkur boðaði beinlínis skattahækkanir í aðdraganda kosninga, en ýmsar leiðréttingar voru boðaðar t.d. á lífeyrisgreiðslum einstaklinga o.fl. Vinstri grænir boðuðu hækkun á fjármagnstekjuskatti þ.e. úr 10% í 16%. Það er mjög varahugavert að hreyfa við fjármagnstekju skatti, fjármagnseigendur geta ávallt flutt peninga sína og/eða verðbréf til þess lands þar sem skattgreiðslan er hagstæðust.

Fyrir nýja ríkisstjórn ætti það að vera keppikefli að halda sem allra mest af skattgreiðslum fyrirtækja í landinu, það væri gott markmið að stefna á 14% tekjuskatt fyrirtækja. Jafnframt yrði ítrekað að breytingar á fjármagnstekju skatti væru ekki á dagskrá og stimpilgjaldið sá óréttláti skattur verði lagður af strax.



**BIÐRÖÐ Á SKATTSTOFUNNI Í REYKJAVÍK** Raðir hjá skattstjórum landsins eru fátíðari nú um stundir en áður þegar flestir skiluðu skattskýrslum sínum á pappír og þurftu að sækja á stofurnar öll fylgiskjöl. Núna skila flestir með rafrænum hætti og fá skjölin á netinu.

MARKAÐURINN/PJETUR

UM VÍÐA VERÖLD

## Hættulegt gengi

**Economist** | Breska vikuritið Economist gerir gengi júansins, gjaldmiðils Kína, að umræðuefni í nýjasta tölublaði sínu. Stjórnvöld í Bandaríkjunum hafa löngum þrýst á stjórnvöld í Kína að sleppa hendinni af gengisstýringu á myntinni, sem þeir segja að sé haldið lágri með handafli. Lágt gengi júansins hefur komið Bandaríkjamönnum afar illa, að þeirra sögn, enda hefur innflutningur frá Kína til Bandaríkjanna aukist ár frá ári en 30 prósenta hlutur af viðskiptahallanum vestra skrifast á reikning innflutnings frá Kína. Í ofanálag er talsverður launamunur á milli Bandaríkjanna og Kína og hefur fjöldi starfa því verið fluttur austur um haf. Economist bendir á að Bandaríkjamenn muni lítið græða verði látið af handstýringu júansins. Frekar séu það Kínverjar sjálfir sem muni hagnast á gjörningnum. Í fyrsta lagi bendi fátt til þess að viðskiptahallinn í Bandaríkjaríkjunum muni minnka láti Kínverjar gengið fljóta með hugsanlegri styrkingu þess. Í annan stað eru vísbendingar uppi um að minni líkur en ella séu á því að sjóði upp úr kínverska hagkerfinu styrkist gengið. Blaðið segir vissulega nauðsynlegt að breyta gengisskráningu júansins. Gagnrýni bandarískra stjórnvalda sé hins vegar á röngum forsendum. Stjórnvöld í Kína séu sömuleiðis ekki á réttu róli, þau hafi í þvermóðsku sinni neitað að verða við ósk Bandaríkjamanna.

## Fjárfestar á óvissumiðum

**Guardian** | Breska dagblaðið Guardian spurði að því í útgáfu sinni á mánudag hvaða fjárfestir setti peningana sína í fyrirtæki sem færi að miklu leyti huldu höfði og neitaði að gefa upp hvar það væri með starfsemi. Hvað sem upplýsingaþörf fjárfesta líður má gera ráð fyrir því að þeir sem keyptu hlut í björgunarfyrirtækinu Odyssey Marine Exploration hafi brosað sínu breiðasta um helgina. Fyrirtækið komst heldur betur í feitt á föstudag þegar það fann hvorki meira né minna en sautján tonn af gull- og silfurpeningum í flaki bresks skips sem sökk á Atlantshafi fyrir 400 árum. Talið er að verðmæti fundarins hlaupi á 500 milljónum Bandaríkjadala, jafnvirði rúmra 31,5 milljarða íslenskra króna. Sprenging varð í viðskiptum með bréf í félaginu og var velta með bréf þess tífalt meiri en á venjulegum viðskiptadegi. Gengi bréfa í því tók sömuleiðis sprettinn og hækkaði um áttatíu prósent eftir að tilkynnt var um fjársjóðsfundinn. Fjárfestar sem keypt hafa bréf í fyrirtækinu í gegnum tíðina verða að vera þolinmóðir enda ekki á hverjum degi sem fyrirtæki rekst á milljarðafund á hafsbotni. Gengið hefur sveiflast talsvert síðustu ár og fór lægst í 1,52 dali á hlut fyrir tæpu ári. Í dag geta þessir þolinmóðu fjárfestar hins vegar brosað því gengið stendur í 8,32 dölum á hlut eftir gullfundinn.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elínborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni.
Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

SKOÐUN

# Þú þarft að vinna traust drekans

Viðskipti á milli Íslands og Kína hartnær tvöfaldast á hverju ári og ef svo heldur fram sem horfir fer innflutningur frá Kína fram úr innflutningi frá Bandaríkjunum innan örfárra ára. Viðræður um gerð fríverslunarsamnings standa yfir og þegar hann tekur gildi opnast gríðarleg tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki. Stór könnun sem var gerð meðal vestrænna stjórnenda um hvað skipti mestu máli til að ná árangri í viðskiptum í Kína setti samningatækni í fyrsta sæti – á undan þáttum á borð við þekkingu á menningu, efnahagslífi og stjórnmálum, kunnáttu í viðskiptavenjum, kostnað og skipulag flutninga, fjármögnum og tungumálakunnáttu (Martin & Larsen, 1999).

**SUÐUPOTTUR VIÐSKIPTA**

Kína hefur vaxið frá því að vera eitt lokaðasta og íhaldssamasta hagkerfi heims yfir í að vera þriðja stærsta viðskiptaveldið, þar sem þjóðarframleiðsla tvöfaldast á sjö ára fresti. Kína gekk í alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO) árið 2001, er stærsti móttakandi erlendrar fjárfestingar í heiminum og árið 2003 voru meira en 420.000 erlend fyrirtæki með rekstur í Kína (OECD, 2003 og Fang & Fan, 2003). Kínverjar eru ekki aðeins stórir í útflutningi heldur einnig í innflutningi. Hlutfall innflutnings af þjóðarframleiðslu er oft notað sem mælikvarði fyrir því hversu opin hagkerfi eru, en samkvæmt þeim mælikvarða er kínverska hagkerfið tvöfalt opnara en það bandaríska og þrefalt opnara en það japanska.

**TRAUST OG PERSÓNULEG TENGSL**

Mikill fjöldi greina hefur verið skrifaður um viðskiptasamninga í Kína. Eitt af því sem kemur ítrekað fram er mikilvægi trausts og tengsla (hið fræga „quanxi“) og að gæta þess að mótaðilinn haldi alltaf virðingu sinni („face“). Annað sem kemur fram er að Kínverjar eru mjög harðir þegar kemur að núllsummuviðræðum, þar sem aðeins er samið um eitt atriði svo sem verð. Það er varhugavert að alhæfa um menningarmun í viðskiptum og samningaviðræðum. Í fyrsta lagi er alltaf samið við einstaklinga en ekki kjörmyndir og í öðru lagi breytast margir þættir – ekki síst í Kína þar sem markaðurinn hefur tekið risastökk á örfáum árum. Hins vegar má finna sterkan rauðan þráð í rannsóknum á því hvaða þættir skipta mestu máli í árangursríkum samningaviðræðum í Kína: Stjórnendur verða að taka sér tíma til að byggja upp traust, þeir þurfa að horfa til langs tíma í uppbyggingu viðskiptasambanda og þeir þurfa að undirbúa sig gríðarlega vel.

**SAMIÐ Á UNDAN SAMNINGAVIÐRÆÐUNUM**

Mikilvægustu „samningaviðræðurnar“ eiga sér oft stað áður en að menn ganga til eiginlegra samninga. Hér er átt við persónuleg samskipti, kynningar á vöru, heimsóknir og félagslega „samningafundi“ á veitingastöðum. Niðurstöður þriggja alþjóðlegra rannsókna (Fang og Fan, 2003, Leung og Yeung 1995, Stewart og Keown 1989) setja það sama í forgang í: Traust, tengsl og þolinmæði. Þessar niðurstöður falla vel að reynslu íslenskra fyrirtækja. Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Íslensk-kínverska viðskiptaráðsins (ÍKV), segir frá því að í langflestum tilvikum gangi viðskipti íslenskra fyrirtækja í Kína mjög vel fyrir sig og það er mikil ánægja með samskiptin. Í þeim örfáu tilvikum sem upp koma vandamál, er það vegna þess að til viðskiptanna var stofnað í gegnum tölvupóst, fax og póstsendingar. Ástæðan? Þá hefur ekki gefist tækifæri til að byggja nauðsynleg persónuleg tengsl og trúnaðartraust.



**Aðalsteinn Leifsson, lektor kennir meðal annars alþjóðaviðskipti og samningatækni við Háskólann í Reykjavík.**

SPÁKAUPMAÐUR

# Allir búnir að kaupa

Þá eru öll stóru fjármálafyrirtækin búin að taka upp seðlaveskið á árinu. Það kom mér ekki á óvart að heyra að Straumur-Burðarás væri að fjárfesta í Finnlandi, enda höfðu þeir verið að leita bæði þar og í Svíþjóð. Mér skilst að Kalli Werners hafi hrifsað til sín Invik fyrir framan nefið á Kaupþingi og Straumi.

Glitnismenn voru fljótir að benda á að Straumur greiddi hátt yfirverð fyrir fyrir eQ eða fjórfalt bókfært eigið. Glitnir var sjálfur að kaupa ekki ósvipað fyrirtæki í Finnlandi fyrr á árinu á töluverðu yfirverði.

Eitt stærsta vandamálið hjá íslensku útrásarfyrirtækjunum liggur í því að finna góð fyrirtæki á góðu verði. Það verður svo sannarlega hægara sagt en gert. „Private equity“ sjóðir virðast ætla að sprengja upp öll verð eins og kom fram hjá stjórnendum Actavis og Marels. Kannski eru erlendu fjárfestingasjóðirnir meiri ógnun við íslenska hagkerfið en háir vextir og króna, já og hugsanlega vinstri stjórn.

En ég tel að fleiri snúningar gætu legið í loftinu. Ég segi ekki að tækifærin séu morandi á hlutabréfamarkaði en þau eru enn til staðar. Og nóg er af peningum. Ég trúi ekki öðru en að fyrirtækjastjórnendur sjái sér leik á borði og sæki sér aukið eigið fé í nýju hlutafé til að stækka veisluborðið. Menn eru fljótir að framkvæma hlutina eins og sást best á því að blekið var varla þornað á bréfinu frá fjármálaeftirlitinu þegar Kaupþing var komið í tuttugu prósent í Storebrand.

**Spákaupmaðurinn á horninu**



# Bankinn sem kynnti sig í óveðrinu

Ágjöfin sem bankarnir urðu fyrir í fyrra var vel nýtt af Glitni til að kynna bankann og íslenskt hagkerfi á erlendum vettvangi. Gregory Miller, prófessor við Harvard Business School, greindi viðbrögð Glitnis í nýrri skýrslu. *Hafliði Helgason* fylgdist með fundi um málið og ræddi við Gregory og Björn Richard Johansen, yfirmann fjárfestatengsla Glitnis og lykilmann í nýtingu tækifæra sem fólust í neikvæðri umræðu.

Greogory Miller hefur fylgst með Íslandi og núverandi rannsókn er önnur um Ísland. Sú fyrri var um þróun Kauphallarinnar og hlutabréfamarkaðar á Íslandi. „Ég hef haft áhuga á að skoða hvernig litlum einangruðum svæðum gengur að draga að sér athygli erlendra fjárfesta,“ segir Gregory.

Þegar neikvæð umræða um íslenska hagkerfið og fjármálakerfið fór eins og eldur í sinu um heimsbyggðina setti Gregory sig í samband við Bjarna Ármannsson. „Mér fannst mikilvægt að fylgjast með slíku máli þegar það gerðist. Eftir á fara menn að ramma reynsluna inn og fyrir svona rannsókn er best að ná utan um hlutina þegar þeir gerast.“

Miller segir að hann hafi vel skynjað að menn höfðu verulegar áhyggjur af þessari atburðarás. „Hækkað álag á skuldabréf banka er kannski ekki eitthvað sem veldur almenningi miklu hugarangri, en kostnaður af þessu ástandi er verulegur. Það var hætta á að markaðir fyrir fjármögnun í Evrópu lokuðust, stjórnendur bankanna eyddu megninu af orku sinni í að huga að fjármögnun í stað annarrar starfsemi bankans og stór verkefni lentu í biðstöðu vegna vandræða við fjármögnun. Allt þetta hefur í för með sér gríðarlegan kostnað fyrir banka.“

Miller segir að í júní í fyrra þegar hann var hér á ferðinni hafi í raun enginn vitað hvort þetta ástand myndi vara í nokkrar vikur, misseri eða jafnvel ár. Á þessum tíma höfðu Björn Richard Johansen, yfirmaður fjárfestatengsla Glitnis, og Bjarni Ármannsson forstjóri lagt upp með plan og fóru víða um til að segja sögu efnahagslífsins og bankans. „Markaðurinn reyndist tilbúinn að fyrirgefa, en þurfti að fá upplýsingar sem réttlættu slíka fyrirgefningu. Ég held að fyrirgefningin hefði ekki fengist án þess að menn legðu eitthvað af mörkum.“



**GREGORY MILLER** Harvard Business School fylgdist með hvernig brugðist var við mótbyr á markaði. Miller fylgdist með viðbrögðum Glitnis og telur að bankinn hafi nýtt sér neikvæða athygli og snúið henni sér í hag.

Björn Richard bendir á að bankinn hafi nýtt sér athyglina sem fékkst, þótt neikvæð væri, og fengið inni í fjölmiðlum og á fundum með fjárfestum og greinendum. „Kínverska táknið fyrir kreppu merkir líka tækifæri. Við sáum tækifæri í því að nýta þetta kastljós til að uppfræða markaðinn um okkur og byggja upp tengslanet.“

Samhliða þessu unnu Tryggvi Þór Herbertsson og Frederic Mishkin skýrslu um íslenskt efnahagslíf. Miller segir þá skýrslu hafa gefið markaðnum heildstæða mynd sem var skiljanleg og kom frá þekktum hagfræðingi sem var hafinn yfir hagsmunatengdan vafa. „Með því að skýra heildina og samhengi íslensku bankanna. Greinendur bankanna eru ekki heimskingjar og þessi skýrsla hjálpaði þeim að skilja samhengið. Þeir eru sérfræðingar í bankarekstri, en yfirleitt ekki með mikla þekkingu í þjóðhagfræði. Mishkin hjálpaði þeim að skilja íslenska hagkerfið.“

Björn Richard bætir því við að þarna hafi komið staðfesting úr óháðri átt á þeirri sögu sem hann og Bjarni hafi verið að segja fjölmiðlum, greinendum og fjárfestum. „Hann gat hreyft það sem við högguðum ekki.“

Miller segir að Mishkin hafi einnig tekist að henda út í hafsauga hugmyndum sem komist höfðu á kreik, meðal annars í skýrslu Danske Bank, þar sem Ísland var borið saman við Taíland í aðdraganda kreppu. „Mishkin ýtti slíku út úr umræðunni með þeim einfalda hætti að segja að það eina sem Ísland og Taíland ættu sameiginlegt væri endingin -land í nafninu. Grípandi, ekki satt?“

Björn Richard segir að það sé afar mikilvægt að þeirri vinnu sem ýtt var úr hlaði verði fylgt eftir. Hann tekur þar undir með Bjarna Ármannssyni, sem lagði ríka áherslu á að Íslendingar yrðu að halda áfram að segja sína sögu við fjárfesta og fjölmiðla víða um heim. „Það þarf einhver að taka þennan bolta og halda áfram með hann.“

Enn eru ýmsar sögur á sveimi, meðal annars lífseigar sögur um peningaþvætti. „Það er ekki þannig að þó að þessari atrennu hafi verið hrundið verði allt í sóma eftir það. Ef það er eitthvað sem læra á af þessu er það að þegar athyglin beinist að ykkur verðið þið að tryggja að þið snúið henni ykkur í hag,“ segir Miller. „Menn þurfa að búa til skipulag sem bregst við slíku. Ég vona að það verði gert.“


www.volvo.is






## VELDU VOLVO S40. FALLEG STÆRÐFRÆÐI.

Volvo S40 er hátækni. Gott dæmi um fallega stærðfræði og verkfræðilega snilld. Fullur af orku. Búinn fádæma akstursseiginleikum. Þú finnur ekki fyrir hreyfingu Volvo S40 á jöfnum hraða. Aðeins fyrir veginum. Afstætt lögmál. Þú sérð umhverfið líða framhjá; hefur kannski á tilfinningunni að bíllinn sé kyrr og jörðin á hreyfingu. Draumabíll.

Reynsluaktu draumabíl bílablaðamanns Morgunblaðsins: „Volvo hefur nefnilega tekist það sem margir hafa áður reynt og flestir án árangurs; að smíða gæðabíl án þess að slá nokkuð af kröfunum en um leið að stilla verðinu í hóf.“ Komdu í Brimborg. Skoðaðu fallegt dæmi um áratuga umhyggju Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo.

### Verkfræðileg snilld einkennir Volvo S40

Berðu saman verð og gæði. Berðu saman staðalbúnað Volvo S40 við staðalbúnað í öðrum lúxusbílum. Þú finnur WHIPS bakhnykksvörn, SIPS hliðarárekstrarvarnarkerfi og spólvörn með stöðugleikastýringu í Volvo S40. Einnig ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloftpúða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómflutningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upphituð sæti, 16" álfelgur og margt fleira. Sjö hátæknivélar standa þér til boða. Bensín eða dísil. Komdu í Brimborg.

EuroNCAP öryggisstofnunin verðlaunaði Volvo S40 með bestu einkunn (5 stjörnur), sama gerði US NCAP. Breska bílablaðið Auto Express mat Volvo S40 sem besta bílinn í sínum flokki lúxusbíla; betri en BMW 3 series og Jaguar X-type. Volvo S40 er besti kosturinn að mati bandaríska vegaöryggiseftirlitsins (IIHS) og sænska tryggingafélagið Folksam verðlaunaði Volvo S40 fyrir að vera með bestu háls- og bakhnykksvörnina. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



*Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðaðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.volvo.is

Volvo S40 bensín. Verð frá 2.695.000 kr.*
Volvo S40 dísil. Verð frá 2.895.000 kr.*

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara, að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Dagur fyrir Ítalíu

Viðskipti milli Íslands og Ítalíu hafa aukist jafnt og þétt á undanförnum árum. Margir telja þó að enn búi ýmsir óleystir kraftar landanna á milli. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* var viðstödd Ítalska viðskiptadaginn í síðustu viku.



**THOR VILHJÁLMSSON ÁVARPAR FUNDARGESTI** Í lok fundarins ávarpaði Thor Vilhjálmsson, rithöfundur og forseti Dante-félagsins á Íslandi, fundargesti. Guðjón Rúnarsson, fundarstjóri og formaður Ítalsk-íslenska viðskiptaráðsins, hlustar á. MARKAÐURINN/ANTON

Viðskipti og samskipti milli Íslands og Ítalíu hafa aukist jafnt og þétt á undanförnum árum. Margir telja þó að enn búi ýmsir óleystir kraftar landanna á milli. Íslensk-ítalska viðskiptaráðið hefur það að markmiði að efla og styrkja viðskiptatengsl milli Ítalíu og Íslands. Er hlutverk þess meðal annars að vaka yfir viðskiptalegum hagsmunum félaga sinna, skipuleggja heimsóknir aðila úr viðskiptalífi annars ríkisins til hins og aðstoða við að koma á tengslum milli fyrirtækja. Þessu til viðbótar stendur ráðið reglulega fyrir fundum og ráðstefnum um málefni er tengjast viðskiptum milli landanna. Einn slíkur var haldinn í síðustu viku þegar ítalska viðskiptadeginum var fagnað á fjórtándu hæð í Húsi verslunarinnar.

### ÍTALIR VITA LÍTIÐ UM ÍSLAND

Á fundinum fjallaði Guðrún Sigurðardóttir hjá Islandtours Lecco um markaðssetningu Íslands fyrir Ítali. Hún sagði ítalska ferðamenn hérlendum ferðamannabransa afar verðmæta. Á síðasta ári hefðu níu þúsund ítalskir ferðamenn komið til landsins. Upp til hópa keyptu þeir dýrari pakkaferðir en aðrar Evrópuþjóðir, auk þess sem þeir spöruðu iðulega lítið við sig á meðan á dvölinni stæði.



**ÍTALSKI SENDIHERRANN** Rosa Anna Coniglio Papalia, sendiherra Ítalíu á Íslandi, sat fundinn. Við hlið hennar er Pétur Björnsson, ræðismaður Ítalíu á Íslandi. MARKAÐURINN/ANTON

Guðrún segir marga Ítali vita lítið um Ísland. Sökum þessa skorts sé grunnmarkaðsvinna nauðsynleg á Ítalíu. Sú vinna hefur farið fram í samstarfi við aðrar íslenskar ferðaskrifstofur, Icelandair og aðra hagsmunaaðila. Þá kemur Ferðamálastofa einnig að markaðsstarfi í landinu þótt hún reki ekki skrifstofu þar. Það sagði Guðrún afar mikilvægt að yrði í framtíðinni, til að Ísland gæti verið samkeppnishæft við hin Norðurlöndin, sem öll reka ferðamálastofur á Ítalíu. Þá kallaði hún eftir aukinni samvinnu milli íslenskra fyrirtækja sem eiga í viðskiptum við Ítalíu því mikil þörf væri á að kynna Ísland frekar á Ítalíu.

Á Ítalíu eru starfrækt fjölmörg svæðisbundin markaðs- og sölusamtök smárra og meðalstórra fyrirtækja, sem er meira um þar í landi en víðast hvar annars staðar. Samtök af þessu tagi eru vettvangur fyrir framleiðendur á sama atvinnusvæði. Þau gegna gríðarmikilvægu hlutverki fyrir lítil fyrirtæki sem oft hafa litla sem enga burði hafa til að koma sér á framfæri sjálf. Roberto Santini, talsmaður viðskiptaráðs Grosseto í suðvesturhluta Toscana-héraðs á Ítalíu, fjallaði á fundinum um mikilvægi slíkra samtaka. Þá sagði hann frá nýlegum samningi sem markaðs- og sölusamtök Grosseto hafa gert við Hagkaup um sölu á vörum héraðsins undir vörumerkinu Italía. Samtök af þessu tagi hafa gert það að verkum að smáfyrirtæki í ítölskum sveitum hafa landað stórsamningum við alþjóðlegar keðjur, sem hefði verið nánast ómögulegt án samtakanna.

### MARGT ÓLÍKT MEÐ ÞJÓÐUNUM

Eygló Ólafsdóttir, útflutningsstjóri hjá ítalska matvælaframleiðandanum Saclà, fjallaði á fundinum um líkindin og ólíkindin með Íslendingum og Ítölum. Hún sagði margt ólíkt í hegðun og gildum Íslendinga og Ítala, sem kæmi meðal annars fram í hvernig þeir rækju fyrirtæki. Sagði hún Íslendinga geta lært ýmislegt af Ítölum, meðal annars þegar kæmi að því að vernda þjóðarhefðir sínar. Taldi hún að aukin samskipti milli landanna myndu hagnast báðum löndum vel, svo lengi sem Íslendingar væru tilbúnir að leggja á sig að læra ítölsku. Annað dygði ekki til ætlaði fólk að hasla sér völl í landinu.

Mario De Paoli, forstöðumaður hjá ítalska verktakafyrirtækinu Impregilo, sem sér um byggingu Kárahnjúkastíflu, fjallaði um starf fyrirtækisins hér á landi. Lýsti hann meðal annars þeim áskorunum sem fylgdu því að koma upp 1.500 manna alþjóðlegu þorpi með allri þjónustu á þessu afskekkta svæði. Þá sagði Mario skrif íslenskra fjölmiðla um Impregilo oft á tíðum óvægin og jafnvel ósönn. Það hefði gert það að verkum að fyrirtækið færi varlega í samskiptum sínum við fjölmiðla.

Þær Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra og Rosa Anna Coniglio Papalia, sendiherra Ítalíu á Íslandi, ávörpuðu einnig fundinn. Hvatti sendiherrann meðal annars íslenska fjárfesta til að beina sjónum sínum frekar að Ítalíu.




Volvo. For life.

Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið

SÉRPANTANIR VOLVO

Kynntu þér Sérpantanaþjónustu Volvo hjá Brimborg. Gerðu hagstæðari kaup og sérhannaðu þinn eigin Volvo.

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík:
Bíldshöfða 6, sími 515 7000
Brimborg Akureyri:
Tryggvabraut 5, sími 462 2700
www.volvo.is



Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga

Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga stendur fyrir morgunverðarfundi í samstarfi við Kaupþing um

**Starfslok viðskiptafræðinga og hagfræðinga**

FVH framkvæmdi könnun meðal viðskipta- og hagfræðinga og eru niðurstöðurnar um margt áhugaverðar.
• Hvað gerir starfslok möguleg?
• Hvernig líta viðskipta- og hagfræðinga starfslok sín?
• Hvað taka þeir sér fyrir hendur þegar þau verða?
• Hversu margir leggja fyrir?
• Hvernig stendur þú? Ert þú að gera hlutina rétt?

**Fundur**

**Hvenær:** Fimmtudaginn 24. maí.

**Hvar:** Grand Hótel-Sigtúni

**Klukkan:** 8:00-8:30 Morgunmatur og skráning

8:30-10:00 Erindi og umræður

**Fyrirlesarar**

**Niðurstöður könnunar meðal viðskipta- og hagfræðinga**
Þröstur Olaf Sigurjónsson, formaður FVH og lektor við Háskólann í Reykjavík

**Frelsi til að velja**
Halldóra Guðmarsdóttir sérfræðingur í Eignastýringu Kaupþings

**Stjórnun starfsframans - að velja milli ólíkra valkosta**
Ingimundur Sigfússon, fyrrverandi forstjóri Heklu

**Í pallborði sitja fyrir utan frummælendur:**
Pétur Blöndal alþingismaður.

**Fundarstjóri:**
Benedikt K. Magnússon, forstöðumaður fyrirtækjasviðs KPMG og ritstjóri Hags

Skráning æskileg fyrirfram á www.fvh.is, í síma 551 1317 eða á fvh@fvh.is

**Verð með morgunverði:**
Gjaldfrjáls aðgangur fyrir félagsmenn
FVH & 3.500 kr. fyrir utanfélagsmenn

Fundurinn er haldinn í samstarfi við KAUPÞING


# Tuttugu og tvær konur útskrifast af Brautargengi

Í upphafi þessa mánaðar útskrifuðust 22 konur af námskeiðinu Brautargengi, sem Impra nýsköpunarmiðstöð stendur fyrir. Námskeiðið er sérstaklega sniðið fyrir athafnakonur sem hyggjast stofna eða reka þegar fyrirtæki.

Helga Ósk Einarsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir bestu viðskiptahugmyndina. Í tilkynningu frá Impru segir að Helga Ósk sé einn af fáum íslenskum gullsmiðum sem hafi tileinkað sér smíði víravirkis – búningasilfurs sem á sér rætur í klæðnaði íslenskra kvenna allt frá 16. öld. Hún hefur hannað skartgripalínu til að skipa þessu flókna handverki nýjan sess. Þykir hún hafa sýnt og sannað að hún geti framkvæmt hlutina því auk hönnunarinnar hefur hún sjálf annast markaðssetningu og kynningu.



**ÚTSKRIFTARHÓPUR BRAUTARGENGIS** Tuttugu og tvær konur útskrifuðust í maí af námskeiðinu Brautargengi sem Impra nýsköpunarmiðstöð stendur fyrir.

Hvatningarverðlaun hlutu Arna Vignisdóttir, Hulda Hallgrímsdóttir og Sigrún Dóra Jónsdóttir, sem saman standa að fyrirtækinu „Maddama, kerling, fröken, frú“. Þær eru allar textílkennarar að mennt og hafa mikinn áhuga á ull og eiginleikum hennar. Þær ætla að sameina krafta sína og setja á stofn fyrirtæki sem samanstendur af verslun, verkstæði og gallerí með íslenskar hönnunarvörur þar sem viðskiptavinurinn getur fylgst með vinnuferli vörunnar.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri veitti viðskiptahugmyndunum viðurkenningu. Þá veitti Ólafur Haraldsson, framkvæmdastjóri SPRON, höfundum viðskiptahugmyndanna fjárframlag til stofnkostnaðar. SPRON er styrktaraðili námskeiðsins auk Reykjavíkurborgar og sveitarfélaga. - hhs


MARKAÐURINN
Einfalt mál



Hafliði Helgason í hádegisfréttum Stöðvar 2 kl. 12:12 alla virka daga






FYRIRTÆKJAKORT GLITNIS

PLATÍNUM-KORT
Nýtist stjórnendum fyrirtækja sem þarfnast víðtækrar þjónustu og bestu trygginga.

Glitnir er **fyrst íslenskra fjármálafyrirtækja** að bjóða Platínum-kreditkort fyrir fyrirtæki.




NÝJUNG

Glitnir býður fjölbreyttara úrval fyrirtækjakorta en þekkst hefur og fleiri fríðindi standa til boða.

Hægt er að velja milli eftirtalinna fríðinda:



**Endurgreiðslu** af veltu kortsins, sem er nýr valkostur fyrir fyrirtæki



**Ferðaávísunar MasterCard**, sem rennur til fyrirtækis eða starfsmanns

**Vildarpunkta** Icelandair

WWW.ICELANDAIR.IS


Með bílinn handa þér
BMW Sound Machine
Ný útgáfa af BMW 1 línunni með HIFI Professional hljóðkerfi og BMW Radio System ásamt 30 GB Apple iPod spilara.
BMW 1 Series
BMW 1 lína
www.bmw.is
Sheer Driving Pleasure
Nánari upplýsingar um BMW Sound Machine hjá söludeild BMW í síma 575 1210.
B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - www.bl.is


FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000


– Meira úrval og fleiri fríðindi
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 8441
INNKAUPAKORT
Afar hentugt við kaup á rekstrarvörum og þjónustu.
GULLKORT
Hentugast í viðskiptaferðum og innifelur víðtækar ferðatryggingar.
GLITNIR

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**14,25%** óbreyttir stýrivextir Seðlabanka Íslands sem tilkynnt var um á miðvikudag.

**47** milljónir íslenskra króna sem færeyska olíuleitarfélagið tapaði á fyrsta ársfjórðungi.

**21** einkarekið sjúkrahús sem Baugur Group hefur keypt í Bretlandi ásamt öðrum fjárfestum.

BANKAHÓLFIÐ



## Fyrirhyggjan í fyrirrúmi

Sumir glottu við þegar fréttist af því að danski milljarðamæringurinn og skipakóngurinn Mærsk McKinney-Möller hefði pantað sér skútu í fyrra. Smíðin átti að taka tvö til þrjú ár og þótti einhverjum Mærsk fullbjartsýnn. Hann er jú fæddur árið 1913, fagnar 94 ára afmæli í júlí og yrði ansi nálægt tíræðisaldrinum þegar skútan yrði afhent. Ekki er þó vitað til þess að efri aldursmörk séu á ævintýraferðum á hafi úti. Tvær grímur virðast engu að síður nú hafa runnið á gamla því samkvæmt heimildum Markaðarins hefur hann dregið pöntunina á skútunni til baka. Vilji hann finna hressandi andvara leika sér um vanga við siglingu úr smábátahöfninni ætti honum hins vegar að vera hægur leikur að leigja sér bát.

## Dýrt að vera nýrík

Viðskipta- og hagfræðingum gengur illa að spara peningana sem þeir þéna, sérstaklega þeim sem yngri eru. Ný könnun Félags viðskipta- og hagfræðinga, sem sagt er frá í Markaðnum í dag, gefur til kynna að stór hluti þessa hóps treysti sér alls ekki til að leggja meira en tíu þúsund krónur fyrir á mánuði. Þeir sem leggja fyrir meira en fimmtíu þúsund krónur á mánuði eru sjaldséðir hvítir hrafnar. Engan skyldi undra. Að þurfa að fylgja lífsstíl þeirra sem fé eiga í raun er ekkert grín. Upphækkaðir jeppar, nýuppgerðar íbúðir, laxveiðiferðirnar, svo ekki sé talað um allar golfferðirnar til útlanda... Allt telur þetta sinn toll sem kemur beint niður á sparnaðnum. Það er dýrt að vera nýríkur.

## Gagnsæjar nafngiftir

Ágætisskemmtan getur verið að lesa Lögbirtingarblaðið, sér í lagi þegar kemur að nafngiftum hlutafélaga. Landinn er enda duglegur við að hrinda viðskiptahugmyndum í framkvæmd og eitthvað þurfa börnin að heita. Einhver kynni þó að ætla að betur hefði verið heima setið en af stað farið þegar í blaðinu voru auglýst skiptalok á fyrirtækinu Óráði ehf. Stundum endurspegla nöfn vel starfsemina, eins og félagið Evrópulög hvurs stofnun var tilkynnt í gær. Vinninginn í gær hafði hins vegar nýtt félag á Selfossi að nafninu Erlingus ehf. Ekki var þó að sjá að flugrekstur væri tilgangurinn líkt og hjá Aer Lingusi.




Fjölrása heimabíó í aðeins einum hátalara! Innbyggður magnari. Engir bakhátalarar eða hátalarasnúrur út um allt gólf. Með nýrri tækni frá Yamaha (Digital Sound Projector) er hljóðbylgjunum beint á nákvæman hátt í ólíkar áttir þannig að þú heyrir hljóminn í mismunandi rásum fyrir framan þig, aftan – frá öllum hliðum – úr einum hátalara. Auðvelt í uppsetningu, fágað útlit og fáanlegt í tveimur stærðum. Allir í fjölskyldunni, líka ferfættlingarnir, kunna að meta þessa nýju tækni frá Yamaha.



D i g i t a l S o u n d P r o j e c t o r



YSP-1100/ YSP-900

CINEMA DSP DIGITAL · IntelliBeam · dts 5.1 NEO:6 · DOLBY DIGITAL PRO LOGIC II · SRS TruBass

Hátækni

Yamaha heimabíó fæst hjá söluaðilum um land allt.

Ármúli 26 / Sími 522 3000 / www.hataekni.is

# Hversu hátt stefnir þú?

Þrjú fjárfestingarsöfn – þrjár mismunandi leiðir

Hægt er að fjárfesta í ákveðinni leið eða vera í reglulegri áskrift.

spron VERÐBRÉF



ÖRUGGA SAFNIÐ

16,1% ávöxtun

Stöðug ávöxtun, lágmarkssveiflur, lítil áhætta.

- 75% skuldabréf
- 25% hlutabréf




Himinn og haf / SÍA – 9070619

Allar ávöxtunartölur eru miðaðar við árið 2006. Ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð. Gengi verðbréfa getur hækkað jafnt sem lækkað. Fjárfest er í verðbréfasjóðum og/eða fjárfestingasjóðum skv. lögum nr. 30/2003.

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is